As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 48

This Convention is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared by the Secretariat of the Organization and deposited with the signed original.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries being duly authorized for that purpose have signed the present Convention.

DONE at Brussels this eighteenth day of December one thousand nine hundred and seventy-one.

Fylgiskjal G.**ÁLYKTUN RÁÐSTEFNUNNAR**

Pau ríki sem áttu fulltrúa á ráðstefnunni um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar,

hafa samþykkt alþjóðasamninginn um stofnun nefnds sjóðs,

gera sér grein fyrir því að nauðsyn ber til þess, fyrir gildistöku samningsins og um nokkurt skeið þar á eftir, að gera vissar undirbúningsráðstafanir um stjórn og skipulag til að tryggja að sjóðurinn geti starfað svo sem til er ætlast frá þeim degi er samningurinn gengur í gildi, að áskildum öllum rétti varðandi staðsetningu aðalstöðva sjóðsins,

mælast til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina, á þeim grundvelli að allur kostnaður sem þessu fylgdi yrði endurgreiddur af sjóðnum:

1. að biðja aðalritara Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að boða, í samræmi við 36. gr. nefnds samnings, til fyrsta fundar þings sjóðsins og annast nauðsynlegan undirbúning fundarins;
2. að veita alla nauðsynlega aðstoð við stofnsetningu sjóðsins;
3. að sjá fyrir húsnæði og tilheyrandi aðstöðu;
4. að ráða nauðsynlegt starfslið til óákveðins tíma.

RESOLUTION OF THE CONFERENCE

The States represented at the Conference on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage,

HAVING adopted the International Convention on the establishment of the said Fund,

CONSCIOUS of the necessity that, before the Convention enters into force, and for some time thereafter, some administrative and organizational measures have to be prepared in order to ensure that the Fund, as from the dates of entry into force of the Convention, can operate properly, without prejudice as to the location of the headquarters of the Fund,

REQUEST the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, on the basis that all expenses incurred would be repaid by the Fund:

1. To ask the Secretary-General of IMCO to convene, in accordance with Article 36 of the said Convention, and make the necessary preparations for, the first session of the Assembly of the Fund;
2. To give all necessary assistance for the setting-up of the Fund;
3. To provide accommodation and supporting services as appropriate;
4. To provide the necessary staff on a temporary basis.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stíglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

- b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir sérstakri kröfu Framleiðsluráðs. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

- c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald skv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar.

Gjört í Reykjavík 18. apríl 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar vistheimila fyrir aldrað fólk, enda geti það eigi lengur búið á eigin heimilum og þarfnist umönnunar án þess þó að hafa þörf fyrir sjúkrahúsvist. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík 18. apríl 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

11. apríl 1979.

Nr. 17.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 17. júní 1958,
fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 3. apríl 1979 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Í stað 49. gr. a. I. 4. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Kennslu í öðrum greinum 1. hluta skal haga þannig, að prófum í þeim verði lokið í lok 2. námsárs. Í kennslugreinum 1.2 og 1.3 skulu vera tvö skrifleg próf í hvorri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þeytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í fjármunarétti skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili og einkunnir tvær.

Halda skal áfangapróf í greinum 1.2 og 1.3 miðuð við námsefni fyrsta árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Ganga má undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að stúdent á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdenta, sem nú eru skráðir til 1. hluta náms, án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6.5 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, er honum óheimilt að þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 1. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að þreyta prófið.

Lokapróf í 1. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur ekki staðist og ekki óskað að endurtaka.

2. gr.

Í stað 49. gr. a. II. 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Kennslu í 2. hluta skal haga þannig, að náminu megi ljúka á tveimur árum. Í kennslugreinum 1.4, 1.5 og 1.6 skulu vera tvö skrifleg próf í hverri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þeytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í grein 1.7 skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili, og skal ein einkunn gefin fyrir hvort próf. Í prófum þessum skal reyna á sem flesta þætti í prófgreinum 1. og 2. hluta.

Halda skal áfangapróf í greinum 1.4, 1.5 og 1.6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Stúdent má ganga undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að hann á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdent, sem nú eru skráðir til náms í 2. hluta án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, má hann ekki þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdent, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

Lokapróf í 2. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist og ekki óskað endurtekningar á.

3. gr.

49. gr. b. V. 2. mgr. orðist svo:

Stúdent skal ljúka prófi í almennri lögfræði ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt tvö ár í deildinni. Hann skal ljúka 1. hluta prófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt þrjú ár í deildinni og 2. hluta prófi, þegar hann hefur verið samfleytt sex ár í deildinni. Hann skal ljúka embættisprófi ekki síðar en á því almanaksári þegar hann hefur verið samfleytt átta ár í deildinni. Ef stúdent lýkur ekki prófum samkvæmt framanskráðu ber að taka nafn hans af skrá yfir nemendur lagadeildar. Lagadeild getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef veikindi eða svipaðar vítaleysis-ástæður koma til.

4. gr.

49. gr. b. VI. 1. mgr. orðist svo:

Próf. Próf í almennri lögfræði, áfangapróf og lokapróf í 1., 2. og 3. hluta skal halda í maí og september. Önnur próf skal halda eftir ákvörðun deildar hverju sinni.

5. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. gr. tillagna þessara öðlast strax gildi. Ákvæði 3. gr. tekur gildi um þá stúdent, sem skráðir eru til laganáms eftir 1. júlí 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Stúdentar skráðir í lagadeild á árinu 1975 og fyrr skulu þreyta munnlegt og skriflegt lokapróf í kennslugreinum, sem þeir hafa eigi lokið áfangaprófum í. Þessi tilhögun gildir til haustprófa 1980.
- II. Stúdentum í 2. hluta, sem ekki hafa þreytt áfangapróf, en reynt hafa við lokapróf og ekki staðist það eða gengið frá því, er heimilt að þreyta áfangapróf samkvæmt 2. og 4. gr.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 27. apríl 1979 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

39. gr. a. orðist svo:

Heimspækileg forspjallsvísindi skal kenna í öllum deildum og námsbrautum háskólans og einkunn vera veginn hluti af lokaekinnunni í samræmi við reglur hvorrar deildar eða námsbrautar.

Kennarar í heimspæki við heimspékideild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn prófessorsins í heimspæki, sem gerir tillögur um námsefni og kennara til hvorrar deildar og námsbrautar. Deild eða námsbraut ákveður hvort námsgreinin sé valfrjáls eða skyldugrein.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 1979.

Ragnar Arnalds.

Árni Gunnarsson.

1. maí 1979.

99

Nr. 19.

L Ö G

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfellt hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti.

Verkafólki, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfleytt, ber tveggja mánaða uppsagnarfrestur.

Eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda ber verkafólki þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Verkafólk telst hafa unnið innan atvinnugreinar eða verið ráðið hjá atvinnurekanda í eitt ár, ef það hefur unnið samtals a. m. k. 1550 stundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 130 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkþanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag. Hins vegar teljast álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur ekki jafngildi unninna vinnustunda.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með sama fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrirtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega

sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. málsg. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.

4. gr.

Allt verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxa, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

5. gr.

Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.

Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda daglaunum sínum í einn mánuð, en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

Auk þeirra réttinda, sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr., skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjú mánuði eins og í 4. gr. segir.

6. gr.

Á fyrsta starfsári hjá sama atvinnurekanda skal verkafólk eigi missa neins í af launum, í hverju sem þau eru greidd, í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilfellum, auk réttar til dagvinnulauna samkv. 4. gr.

7. gr.

Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupum verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærrí greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.

8. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð lækni um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

9. gr.

Ákvæði laga þessara hagma ekki samningum milli samtaka atvinnurekanda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarféлага eða beint til þeirra sjálfra.

10. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþeganum hagstæðari en ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 16 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Gjört að Bessastöðum 1. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

L Ö G

um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9 295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Þó skal ríkissjóður standa að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna RARIK.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977, um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, hljóði svo:

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 6 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjarsfoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Lán til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 345 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1979 svo sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, lán að upphæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Reykjavíkurborg eða Hafnarsjóði Reykjavíkur, lán að upphæð 340 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Öðrum sveitarfélögum, lán samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila allt að 900 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 465 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

8. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð 1 480 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

9. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 4 450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður skal lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

10. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 3. tl. 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1979 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 2 000 millj. kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 skal framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 10 800 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, rektun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 723 600 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 659 100 þús. kr. á árinu 1979. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 183 600 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 180 000 þús. kr. Það, sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti, rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 94 500 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1979 eigi fara fram úr 30% af skilum Frihafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Frihafnarinnar er fellur til ráðsins.

21. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán, innlent eða erlent, að fjárhæð 300 millj. kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á þessu ári.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1979

Nr. 21.

106

21. maí 1979.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967,
um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. töluliður 1. gr. laganna orðist svo:

Umsamdar greiðslur atvinnurekanda í sjúkra-, orlofs- og styrktarsjóði, svo og iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 22.

18. maí 1979.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu
á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 28. ágúst 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslu hinn 28. ágúst 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 20. september 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisstil, að frádregnum 15% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsg., skal færður á sérstakan reikning á nafni rikissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

Enn fremur skal endurgreiða rikissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu árána 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning rikissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsildar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsild.
- b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:
 - 1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til véla-kaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmót-tökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.

- 2) 40% skal varið til að létta stofnfjárgjaldgjafið eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.
- 3) 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.

Áður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna skv. nánari ákvörðun sjávarútvegs- og samgönguráðherra.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-
mæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu
1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráð-
stafað skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á
dánarbúum og félagsbúum o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:*

1. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að rétttri tiltölu við fjárhæð hverrar
kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem
fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátíð.

2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu
18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu
fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.

4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, orlofsheimilasjóða og annarra slíkra
styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum
og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.

5. Bætur til launþega eða maka þeirra og barna sem atvinnurekanda ber
að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa sem orðið hafa á
síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

6. Kröfur skv. 1. til 5. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað
til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu sex
mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

7. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fé-
gæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

8. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið
fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði,
þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Trygginga-

stofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

9. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

2. gr.

4. gr. laga nr. 32 10. apríl 1974 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sjö dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

Dómara Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti situr dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefur átt sæti í dóminum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómara setið jafnlengi í dóminum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.

2. gr.

2. gr. a laganna orðist svo:

Fimm dómara skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómara sitji í dómi.

Í kærumálum sitja þrjú dómara, nema alveg sérstaklega standi á. Þrjú dómara geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. Þrjú dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef refsing, sem við broti getur legið, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómara skipi dóm og þá hverjir.

Ef mál er umfangsmikið, er dóminum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stað orðanna „kr. 25 000.00“ í 13. gr. 2. mgr. laganna komi orðin: 200 þúsund krónur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1979.

Ákvæði 3. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

L Ö G

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög 75/1967,
um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 3. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 75 19. desember 1967, breytist þannig, að í stað „20 ára“ kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

25. maí 1979.

Nr. 27.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist tveir nýir málslíðir er orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóði er heimilt að gefa út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skuldabréfin eru verðtryggð eða gengistryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er verði 5. málsgrein og hljóði svo: Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar dagvistarheimila í eigu sveitarfélaga, launþegasamtaka og annarra félagslegra aðila, sbr.

3. gr. laga nr. 112/1976. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 8. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

25. maí 1979.

Nr. 30.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfyrirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfyrivaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvisun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.

Gjört í Reykjavík 25. mars 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímatakmarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960, og skal frestur þessi vera minnst 6 mánuðir. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið, að leggja skuli viðurlög við því, ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem um greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja. Dráttarvextir samkvæmt þessari málsgrein skulu greiddir ríkissjóði talið frá gjalddaga samkvæmt 50. gr. og vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

2. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á samkvæmt 1. mgr., skal heimilt að reikna sömu vexti og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Vextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð eða með öðrum fyrirætlum:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu;
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður í reglugerð eða með

- öðrum fyrirmælum, enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi;
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan eins árs frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna. Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

4. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 350 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í fôr með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 500 000.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum er að veita aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum. Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

2. gr.

Yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustu skal vera hjá Búnaðarfélagi Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis verði undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Kostnaður búnaðar-

sambandanna við stjórnun og skipulagningu forfalla- og afleysingaþjónustunnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingamanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili, eða fleiri menn í hluta úr starfi. Enn fremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfskraft sé þess þörf í einhverjum tilfellum.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili, ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun. Allir bændur eða þeir sem veita búum forstöðu, og makar þeirra, eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda. Þeir bændur, sem hafa meiri hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, eiga rétt á aðstoð í hlutfalli við tekjur þeirra af landbúnaði.

3. gr.

Ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun 60 afleysingamanna skv. lögum þessum.

Skulu ákvæði þessi um framlag ríkissjóðs koma til framkvæmda á árunum 1979—1981.

Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna. Föst mánaðarlaun miðist við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um. Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með þeim kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans.

Heimilt er þó að framlengja dvöl afleysingamanns um lengri tíma, ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

4. gr.

Veikist bóndi eða maki hans og óskað er aðstoðar, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það búnaðarsambandi. Skal þá liggja fyrir læknavottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

5. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á nám-skeiðum við bændaskólana, sem þjálfí fólk til afleysingastarfa.

6. gr.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá yfirstjórn afleysingaþjónustunnar leitast við að ráða manninn til þeirra, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Skal þá bóndi greiða starfið að fullu. Fé, sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast. Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við starfið.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur aðstoðarfólks og því sett erindisbréf.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvilandi lánnum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands) um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G**um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Búnaðarbanka Íslands skal starfa veðdeild. Hlutverk veðdeildarinnar er:

- a) Útgáfa bankavaxtabréfa.
- b) Að veita lán gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum til ársloka 1986.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.
3. Vaxtatekjur.

3. gr.

Veðdeildin gefur út bankavaxtabréf er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa bankavaxtabréfin.

Bréfin skulu gefin út í flokkum og ákveður ráðherra vexti bréfanna, gjald-daga þeirra og önnur lánskjör, hvar þau skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingu um greiðslu þeirra.

4. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

5. gr.

Hlutverk deildarinnar samkv. b-lið 1. gr. er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, enda séu lánin ætluð til jarðræktar, húrekstrar eða til einhvers fyrir-tækis til almenningsheilla í sveitum.

6. gr.

Hús og önnur mannvirki skulu eigi tekin gild sem veð, nema váttryggð séu í váttryggingastofnun er bankinn tekur gilda.

7. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir $\frac{3}{5}$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $\frac{3}{5}$ virðingarverðs. Lánstím-inn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hvernar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

8. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar má tiltaka í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða að stjórn Bún-aðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fast-eignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar. Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftár, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hættá búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur banka-stjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. Þegar fasteign, sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna banka-stjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin rýrni við það í verði.

10. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim er hann hefur undirgengist. En verði árgjöld hans eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi váttryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamning-um, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

11. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og skal eigi greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

13. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

14. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins, á þann hátt að þau með því verði ógild.

15. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslum bankans.

16. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

17. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi veðdeildarinnar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lögum þessum nefnist gjaldmiðill sá, sem löglega var gefinn út fyrir gildistöku laga þessara, 1. janúar 1981, gömul króna, til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi, en hann nefnist ný króna í lögum þessum.

Lög þessi taka bæði til peningaseðla og peninga sleginna úr málm (myntar).

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 hundraðfaldast verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum, og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það.

3. gr.

Nú eru í lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum eða gjaldskrá, sem út voru gefnar fyrir 1. janúar 1981, greindar fjárhæðir í krónum og skulu þær fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð telst einn hundraðasti hluti af eldri fjárhæðinni.

4. gr.

Sérhver fjárhæð í dómi, skuldabréfi, skuldaviðurkenningu, vixli, tékka, leigusamningi, hlutabréfi og öðrum skjölum, sem skylda til greiðslu í krónum eða lofa greiðslu í krónum og út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1981, en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi, skal breytast þannig, að hin nýja fjárhæð skal teljast einn hundraðasti hluti af hinni eldri fjárhæð.

Gildir þetta um allar greiðslur samkvæmt skjölum þessum, svo og hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar, sem eigi hafa verið inntar af hendi fyrir 1. janúar 1981.

5. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og starf, þóknanir og endurgjald fyrir vöru og þjónustu reiknast í hinum nýju krónum.

6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti, sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 1981, færð með nýjum krónum. Sömuleiðis skulu öll reikningsskil tímabils, sem lýkur á árinu 1981 og þar á eftir, færð með nýjum krónum.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu seðlar þeir, sem út hafa verið gefnir, og mynt sú, sem slegin hefur verið og gefin út fyrir 1. janúar 1981, halda gildi sínu og vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi í sex mánuði eftir gildistöku laganna, þó þannig, að verðmæti hvers seðils eða myntar skal reiknast einn hundraðasti hluti af ákvæðisverði.

Frá og með 1. júlí 1981 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. janúar 1981, hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok sex mánaða frestsins.

Sömu reglur og greinir í 1. og 2. mgr. skulu gilda um frímerki, sparimerki, stimpilmerki og önnur hliðstæð heimildarskjöl, að öðru leyti en því, að útgefandi er innlausnarskyldur.

8. gr.

Fjárhæð, sem við verðgildisbreytinguna 1. janúar 1981 verður minni en hálfur eyrir nýrrar krónu, fellur niður, en hálfur eyrir og hærri fjárhæð skal hækka í einn eyri nýrrar krónu.

9. gr.

Viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum, enda liggja ekki við broti þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

3. og 4. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Matsnefndir skulu semja álitserð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður

við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögum fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitsgerðina skal matsnefnd senda til Landgræðslu ríkisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. málsliður 8. gr. laganna orðist svo:

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveit-ingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við Landgræðslu ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-bykki mínu:

1. gr.

Við 59. gr. laganna bætist:

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindralettri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

2. gr.

Síðasti másl. 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og hjálpargögn, sé hann blindur (sjá 59. gr.), og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.

3. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn

þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

4. gr.

Við 71. gr. laganna bætist:

Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað.

5. gr.

8. töluliður 141. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 29 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 43.5 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1977“ í 6. gr. laga nr. 46/1970 komi: til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2 000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans

lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

1. júní 1979.

Nr. 41.

L Ö G

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I

Landhelgi.

1. gr.

Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómíli frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1	—	20°11'0	—
3. Siglunes	66°11'9	—	18°49'9	—
4. Flatey	66°10'3	—	17°50'3	—
5. Lágey	66°17'8	—	17°06'8	—
6. Rauðinúpur	66°30'7	—	16°32'4	—
7. Rifstangi	66°32'3	—	16°11'8	—
8. Hraunhafnartangi	66°32'2	—	16°01'5	—
9. Langanes	66°22'7	—	14°31'9	—
10. Glettinganes	65°30'5	—	13°36'3	—
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0	—	13°30'8	—
12. Gerpir	65°04'7	—	13°29'6	—
13. Hólmur	64°58'9	—	13°30'6	—
14. Setusker	64°57'7	—	13°31'5	—
15. Þursasker	64°54'1	—	13°36'8	—
16. Ystiboði	64°35'2	—	14°01'5	—
17. Selsker	64°32'8	—	14°07'0	—
18. Hvítugar	64°23'9	—	14°28'0	—
19. Stokksnes	64°14'1	—	14°58'4	—
20. Hrollaugseyjar	64°01'7	—	15°58'7	—

21. Tvísker	63°55'7	—	16°11'3	—
22. Ingólfshöfði	63°47'8	—	16°38'5	—
23. Hvalsíki	63°44'1	—	17°33'5	—
24. Meðallandssandur I	63°32'4	—	17°55'6	—
25. Meðallandssandur II	63°30'6	—	17°59'9	—
26. Mýrnatangi	63°27'4	—	18°11'8	—
27. Köt lutangi	63°23'4	—	18°42'8	—
28. Lundadrangur	63°23'5	—	19°07'5	—
29. Surtsey	63°17'7	—	20°36'2	—
30. Eldeyjardrangur	63°43'8	—	22°59'4	—
31. Geirfugladrangur	63°40'7	—	23°17'1	—
32. Skálasnagi	64°51'3	—	24°02'5	—
33. Bjargtangar	65°30'2	—	24°32'1	—
34. Kópanes	65°48'4	—	24°06'0	—
35. Barði	66°03'7	—	23°47'4	—
36. Straumnes	66°25'7	—	23°08'4	—
37. Kögur	66°28'3	—	22°55'5	—
38. Horn	66°27'9	—	22°28'2	—

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómíllur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08'9 n.br., 18°41'3 v.lg.), Hvalbaks (64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grimseyjar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

2. gr.

Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II

Efnahagslögsaga.

3. gr.

Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómíllur frá grunnlinum landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

- fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi.
- lögsögu að því er varðar:
 - byggingu mannvirkja og afnot af þeim,
 - vísindalegar rannsóknir,
 - verndun hafsins.
- önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III

Landgrunn.

5. gr.

Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlinum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólífraenum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn.

Stjórnvöld setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnins.

IV

Afmörkun svæða milli landa.

7. gr.

Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunn milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.

Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílnur frá grunnlinum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílnur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlinu.

V

Ráðstafanir gegn mengun.

8. gr.

Skylt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spilt hafinu.

Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI

Vísindalegar rannsóknir.

9. gr.

Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkjastofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

- a. stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífraenum eða ólífraenum auðlindum.
- b. hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið.
- c. leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

10. gr.

Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

- a. eðli og markmið rannsókna.
- b. rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rannsóknartækjum.
- c. nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á.
- d. upphaf og lok rannsóknatímabils.
- e. nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og framkvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.
- f. fyrirhugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsóknum.

Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjögurra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 1. apríl 1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 1. júní 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allal, Mohamed Mohamedi Raamel, verkamaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1933 í Marokkó.
2. Andersson, Ellen, húsmóðir í Kópavogi, f. 30. mars 1947 í Reykjavík.
3. Arjona, Katrín Vala, barn í Reykjavík, f. 28. júní 1976 á Íslandi.
4. Billhardt, Margarete Helene, ritari í Garðakaupstað, f. 3. júní 1935 í Þýskalandi.
5. Bogatynska, Halina Maria, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 26. apríl 1949 í Póllandi. Fær réttinn 29. júní 1979.
6. Brynjar Ágúst Hilmarsson, barn í Garðakaupstað, f. 25. júní 1970 í V-Þýskalandi.
7. Burgfrim, Barbara, sjúklingur í Keflavík, f. 20. okt. 1942 í Þýskalandi.
8. Burns, Helga María, barn í Keflavík, f. 7. maí 1975 í Keflavík.
9. Burns, Ólóf Irene, barn í Keflavík, f. 28. febrúar 1973 í Keflavík.
10. Chelbat, Abdelhak Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 22. okt. 1950 í Marokkó.
11. Chow, Chan Soon, nemi í Reykjavík, f. 3. september 1946 í Malaysíu.
12. Cilia, Emanuele Giovanni Mario, verzlunarmaður í Reykjavík, f. 17. apríl 1934 á Möltu.
13. Clarke, Jonathan Christopher, flugmaður í Reykjavík, f. 18. maí 1953 í Englandi.
14. Cochran, Elizabeth Ann, nemi í Reykjavík, f. 25. nóv. 1959 í Bandaríkjunum.
15. Elísa Davíðsdóttir, barn í Reykjavík, f. 24. júní 1977 í Suður-Kóreu.
16. Falk, Eugene Edward, verkamaður í Reykjavík, f. 23. maí 1958 á Íslandi.
17. Goyette, John Edward, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júlí 1961 í Bandaríkjunum.
18. Harpa Björgvinsdóttir, barn í Njarðvík, f. 21. júlí 1975 í V-Þýskalandi.
19. Hörðal, Lára Björk, barn í Reykjavík, f. 5. janúar 1976 í Reykjavík.
20. Isaksen, Viktoría, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. júlí 1945 á Íslandi.
21. Jakobsen, Frank Birgir Þorkels, sjónmaður í Reykjavík, f. 19. maí 1954 í Danmörku.
22. Johnson, Áslaug Ragnhildur Hólm, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 6. des. 1943 á Íslandi.
23. Johnson, Birgir Þór Hoblyn, nemi í Reykjavík, f. 7. nóv. 1960 á Íslandi.
24. Jones, Sveinn Arthúr, barn í Vestmannaeyjum, f. 24. október 1971 í Vestmannaeyjum.
25. Lappas, Christou Andreas, flugvirki í Reykjavík, f. 28. nóv. 1948 á Kýpur.

26. Lucic, Kata, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 12. maí 1954 í Júgóslavíu.
27. Mäntylä, Einar Olavi, nemi í Reykjavík, f. 24. ágúst 1963 í Finnlandi.
28. Messiaen, Lucien Roger Cornil, iðnverkamaður á Akureyri, f. 29. nóvember 1920 í Frakklandi.
29. Moubarak, Adnan, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 15. nóvember 1933 í Sýrlandi.
30. Orri Hafsteinn Hilmarsson, barn í Garðakaupstað, f. 27. júlí 1971 í V-Þýskalandi.
31. Oudrhiri, Abdeljalil, verkamaður í Kópavogi, f. 17. desember 1953 í Marokkó.
32. Patay, Philippe Pierre Paul, kennari í Reykjavík, f. 26. júlí 1951 í Þýskalandi. Fær réttinn 23. júní 1979.
33. Phillips, Roy Percy, filmtæknifræðingur í Hafnarfirði, f. 12. nóvember 1937 í Englandi.
34. Ragnoli, Lisa, barn í Hafnarfirði, f. 15. maí 1975 á Íslandi.
35. Rasmussen, Björn Bruno, nemi í Kópavogi, f. 16. jan. 1942 í Danmörku.
36. Rubio, Rebekka Sif, barn í Reykjavík, f. 27. febrúar 1977 á Íslandi.
37. Sewell, John William, kennari í Reykjavík, f. 4. ágúst 1929 í Englandi.
38. Siefert, Ursula Irene, húsmóðir á Akranesi, f. 22. júlí 1944 í Þýskalandi.
39. Spano, Robert Georg, sölumaður í Reykjavík, f. 16. apríl 1940 á Ítalíu.
40. Wathne, Soffía Guðrún, nemandi, f. 20. júní 1956 í Bandaríkjunum.
41. Zawadzka, Jolanta Maria, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 12. febrúar 1949 í Póllandi.
42. Þorsteinn Örn Þorsteinsson, barn í Reykjavík, f. 5. apríl 1977 í Suður-Kóreu.
43. Þórunn Ýr Elíasdóttir, barn í Reykjavík, f. 9. júlí 1976 í Suður-Kóreu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla orðist svo:

Um ríkisframlag til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar.

2. gr.

1. málsgrein 10. gr. orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins komið sér saman um stærðarmörk framkvæmdanna í sambandi við lán og styrkveitingar svo og að samræmis sé gætt við búrekstraráætlun fyrir viðkomandi jörð, þegar gerðar eru.

3. gr.

Við 10. gr. bætist nýr liður, nr. IX, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er landbúnaðarráðherra í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávík frá ákvæðum þessarar greinar á næstu 5 árum:

- a) Að skerða framlög til nýrra vélgrafinna skurða samkvæmt lið I a) á jörðum sem hafa 30 ha. túnstærð allt að 50%. Framlög vegna dýpkunar skurða og endurframræslu túna haldist óbreytt.
- b) Að skerða á sama hátt framlög til plógræsa samkvæmt lið I c).
- c) Að skerða framlög til túnræktar samkvæmt lið II a) og b) á jörðum sem hafa 30 ha. túnstærð allt að 50%.
- d) Að skerða framlög til grænófóðurræktar samkvæmt lið II d) allt að 50%.
- e) Að fella niður framlög til hagaræktar samkvæmt lið II e) nema grætt sé upp gróðurvana land.
- f) Að skerða framlög til áburðargeymslna samkvæmt V. lið.

Ákvæði þessi gilda um framlög til framkvæmda sem unnar kunna að verða á árunum 1979—1984.

Landbúnaðarráðherra gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé sem sparast samkvæmt stafliðum a)—f) til annarra verkefna sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn, svo sem:

- a) Til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvara.
- b) Til að stuðla að bættri heyverkun.
- c) Til hvers konar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins sér um úthlutun fjárens í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að því leyti sem það fellur innan verksviðs hans.

4. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1980—1985 skal í fjárlögum ætla til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 10. gr., fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979, á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um húsaleigusamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi. Lögín gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Fjalli samningur enn fremur um land, sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði, skal fara um slíka samninga skv. lögum þessum, nema um afnot lands til landbúnaðar sé að ræða.

Með íbúðarhúsnæði er í lögum þessum átt við húsnæði sem látið er í té til afnota að öllu eða verulegu leyti til íbúðar.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Sama gildir um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma.

2. gr.

Ákvæði í leigumála, sem fer í bága við ákvæði laga þessara, verður ekki beitt gegn leigutaka eða þeim sem hefur rétt til að koma í hans stað, nema annars sé sérstaklega getið.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift. ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI

Gerð leigumála.

4. gr.

Leigumála um húsnæði skal gera skriflegan.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir leigumála um íbúðarhúsnæði. Eyðublöðin skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigutaka og leigusala, og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Ráðuneytið getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingar aðila er skylt að innheimta.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta til almennra nota eyðublöð samkv. 4. gr., sem samtök leigutaka eða leigusala kunna að láta gera, enda sé á þau skráð um staðfestingu ráðuneytisins. Sama á við um eyðublöð sem gerð eru á vegum Fasteignamats ríkisins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

6. gr.

Allar breytingar á leigumála eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflegar og skráðar á leigumálann sjálfan.

7. gr.

Leigumála má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundna.

Sé leigumáli tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar en senda skal leigusali tilkynningu til leigutaka sámkv. 16. gr.

Um ótímabundna leigusamninga gilda hins vegar ákvæði 13. gr. um uppsagnarfrest og auk þess ákvæði 15. gr. um fardaga ef hið leigða er íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Leigutaki íbúðarhúsnæðis samkvæmt tímabundnum leigusamningi skal að leigutíma loknum hafa forleigurétt að hinu leigða. Leigumálinn framlengist þá í jafnlangan tíma og hinn upphaflegi samningur gildi, en þó ekki lengur en í eitt ár hverju sinni. Leigusali getur þó valið milli þess hvort gerður skuli nýr tímabundinn samningur eða hinn tímabundni samningur breytist í ótímabundinn samning, sem lýtur almennum reglum laga þessara, m. a. um uppsögn. Skilmálar framlengds leigumála skulu vera hinir sömu og í upphaflegum leigumála að öðru leyti, m. a. um fjárhæð húsaleigu, nema að því leyti sem leiðir af leyfilegum breytingum á húsaleigunni samkvæmt samningi aðila eða lögum. Hafi tímabundinn samningur verið gerður samkvæmt þessari grein og hann endurnýjaður að ósk leigusala tvisvar í röð eða oftár án verulegrar breytingar, hefur leigutaki rétt til ótímabundins samnings, nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Líta skal á upphaflega umsaminn leigutíma og framlengingu hans skv. forleigurétti sem samfelldan leigutíma og meta réttindi og skyldur leigusala og leigutaka eftir því, m. a. að því er lýtur að fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr. 51. gr.

Forleigurétturinn fellur niður ef leigusali lætur íbúðarhúsnæðið í té til afnota til a. m. k. eins árs skyldmenni í beina línu, kjörbörnum eða fósturbörnum og systkinum sínum og börnum þeirra eða tengdaforeldrum eða tekur íbúðarhúsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig.

Forleiguréttur leigutaka skv. 1. mgr. gildir ekki, ef hið leigða íbúðarhúsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.

9. gr.

Í leigumála skal m. a. geta eftirtalinna atriða:

- A. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu skv. 33. gr.
- B. Hvort leigutaki skuli leggja fram tryggingarfé og með hvaða hætti og hvar það skuli varðveitt.
- C. Hvernig greiða skuli leiguna.
- D. Forleiguréttar skv. 8. gr. ef um tímabundinn leigumála er að ræða.
- E. Hvort samið er um lágmarks leigutíma ef um ótímabundinn leigumála er að ræða.
- F. Fjárhæðar húsaleigu svo ekki verði um villst.

10. gr.

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublöð við gerð hans, gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband þeirra. Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigutaki hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er rétt að kveðja til úttektarmenn, sbr. XI. kafla laga þessara, til þess að ákveða sanngjarna fjárhæð leigunnar.

11. gr.

Ákvæði í leigumála má meta ógild ef þau mundu leiða til niðurstöðu sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir ef ákvæði í leigumála brýtur í bága við góðar venjur í húsaleigumálum.

III. KAFLI

Uppsögn leigumála — leigufardagar.

12. gr.

Uppsögn ótímabundins leigumála er heimil báðum aðilum hans. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

13. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigumála skal vera:

1. Einn mánuður á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði, sem ekki er atvinnuhúsnæði.
2. Þrjú mánuðir á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Uppsagnarfrestur af hálfu leigusala skal þó vera 6 mánuðir ef leigutaki hefur haft íbúð á leigu eitt ár og allt að fimm árum. Hafi leigutaki haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir á atvinnuhúsnæði. Þó skal það valda sanngjarnri lengingu uppsagnarfrests ef verslunarrekstur hefur aflað sér sérstakrar viðskiptavildar í hinu leigða húsnæði eða ef flutningur á atvinnustarfsemi er bundinn sérstökum erfiðleikum. Skal fresturinn í þeim tilvikum vera 9 mánuðir en allt að 12 mánuðum hið lengsta.

14. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða húsnæði er atvinnuhúsnæði skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þegar hið leigða húsnæði er notað til íbúðar skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.

15. gr.

Fardagar eru 1. júní og 1. október ár hvert. Beri fardag upp á sunnudag eða helgidag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

16. gr.

Nú er leigumáli tímabundinn og skal leigusali þá eigi síðar en einum mánuði og lengst þrem mánuðum áður en leigutíminn er útrunninn senda leigutaka skriflega tilkynningu um að hann hyggist ekki framlengja leigumálann. Ella telst hafa stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

Vilji leigutaki nota forleigurétt sinn að íbúðarhúsnæði skv. 8. gr. skal hann senda leigusala skriflega tilkynningu um það eigi síðar en innan 10 daga frá því að honum barst tilkynning skv. 1. mgr.

Telji leigusali, að leigutaki hafi ekki forleigurétt af þeim ástæðum, sem greinir í 8. gr. 3. mgr., skal hann innan 10 daga gera leigutaka skriflega grein fyrir því á hvern hátt hann hyggst ráðstafa hinu leigða. Að öðrum kosti stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

17. gr.

Nú líður mánuður frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigumála, en leigutaki heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigumállinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigutaki einnig gerð enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

18. gr.

Hafi fógetaúrskurður gengið um útburð leigutaka er fógeta þó heimilt að ákveða að leigutaki megi dveljast áfram í húsnæðinu í allt að 3 mánuði frá úrskurðardegi, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar lítið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar.

Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt, ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 20. gr.

IV. KAFLI

Riftun leigumála.

19. gr.

Leigutaka er heimilt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði samkvæmt 27. gr.
2. Ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigutaki jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum, af ástæðum sem ekki verða raktar til leigutaka, að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
4. Ef réttur leigutaka er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess, að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigutaka af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigumála og lét hjá líða að gera leigutaka aðvart

20. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum þótt leigutaka sé tryggður leiguréttur í húsnæði með samningi eða með ákvæðum 8. gr. laga þessara:

1. Ef leigutaki greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar samkvæmt VII. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan 7 sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram, að hann muni beita riftunarheimild sinni. Þetta gildir þó aðeins ef leigutaki hefur búið skemur en eitt ár í sömu leiguíbúð. Hafi leigutaki búið ár eða lengur í sömu íbúð gildir ákvæði þetta um endurtekið sanningsbrot, enda hafi leigusali sent leigutaka skriflega aðvörun þess efnis að við næsta brot verði þessu ákvæði beitt.
2. Ef leigutaka ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða alveg og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigumáli mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigutaki misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. X. kafla eða ef framleigutaki gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigutaka.

5. Ef leigutaki meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 36. gr.
6. Ef leigutaki flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar húsnæðisins.
7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigutaka vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra, sem leigutaki ber ábyrgð á, og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 36. gr.
8. Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 48. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
9. Ef leigutaki vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigumála eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

21. gr.

Nú er leigumála rift af einhverri þeirri ástæðu, sem talin er í 20. gr., og skal leigutaki þá bæta leigusala það tjón, sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigumáli var tímabundinn skal leigutaki auk þess greiða leigu til loka leigutímans, en ella til næsta fardags.

Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1. mgr.

22. gr.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar samkv. 20. gr. innan mánaðar frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigutaka eða leigutaki hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður.

23. gr.

Heimilt er fógeta að fresta, gegn hóflegri tryggingu, framkvæmd úrskurðar um útburð hafi leigutaki áfrýjað málinu til Hæstaréttar innan sjö daga frá uppsögn fógetaúrskurðar enda mæli sérstakar aðstæður með slíkri frestun.

V. KAFLI

Afhending og skil leiguhúsnæðis.

24. gr.

Leiguhúsnæði skal, er það er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

25. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig, að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota, fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigutaki á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigutaka viðvart um þau.

26. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigumáli greinir eða leigutaki hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigutaki þá innan 14 daga frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Ella telst leigutaki una húsnæðinu.

Leigutaki skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

27. gr.

Geri leigusali ekki innan hæfilegs frests ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigutaka heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað, sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis úttektarmanns, sbr. XI. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigutaka um úrbætur innan þriggja mánaða frá því hún barst honum og leigutaki ekki neytt réttar síns samkv. 1. mgr. er leigutaka heimilt að rifta leigumálanum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigutaka af húsnæðinu. Leigutaki á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur úttektarmaður, en rétt er þó aðilum að bera ákvörðun hans undir dómkvadda matsmenn, enda hafi verið beðið um dómkvaðningu þeirra innan mánaðar frá því að niðurstaða úttektarmanns var aðilum kunn.

28. gr.

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigutaki óskerta bóta-ábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum, sem voru leigutaka sannanlega óviðkomandi.

29. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigutaka verður leigusali að lýsa skriflega innan 14 daga frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan 14 daga frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigutaki hafi haft svik í frammí.

30. gr.

Leigutaka er heimilt að flytja á brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé, sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand.

31. gr.

Hafi leigutaki skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lykllum að þeim án sérstaks endurgjalds.

32. gr.

Hafi leigumála verið þinglýst ber leigutaka að annast aflýsingu hans.

33. gr.

Skylt er aðilum leigumála að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir löggiltur úttektarmaður að viðstöddum leigusala og leigutaka eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem úttektarmaður leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigutaki þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgi-fjár, dagsetningar leigumála og aðila hans.

34. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þrítí og skulu aðilar leigumála og úttektarmaður undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigutaka við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta úttektarmanni í té afrit leigumála, sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

35. gr.

Nú koma leigusali og leigutaki sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal úttektarmaður þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni, innan mánaðar frá því að aðila var kunn niðurstaða úttektarmanns.

VI. KAFLI

Viðhald leiguhúsnæðis.

36. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigutaka, heimilismanna eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það, skal leigutaki gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu innan hæfilegs frests.

Efni leigutaki ekki skyldur sínar skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests er leigusala heimilt að tilkynna honum, að hann muni láta fara fram viðgerð á tjóninu að liðnum 21 degi frá afhendingu tilkynningar á kostnað leigutaka. Hafi leigutaki ekki hafist handa um viðgerð á greindum fresti og ljúki henni ekki með hæfilegum hraða er leigusala heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigutaka, enda leiti hann áður álíts úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigutaka í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 3. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án nokkurs réttar til frádráttar í leigugjaldi, enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

37. gr.

Leigutaka er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á rúðum, læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, raftækjum og hreinlætistækjum. Leigusali er þó skyldur að annast viðgerðir á rúðum, svo og raftækjum og hreinlætistækjum, sem fylgja húsnæðinu, ef leigutaki sýnir fram á, að rúðubrot eða bilun slíkra tækja verður ekki rakin til vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskyldt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali þó ætíð bera.

38. gr.

Leigusala er skylt að annast á sinn kostnað allt annað viðhald hins leigða en að framan greinir, utan húss sem innan.

Hann skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi, m. a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfduka þess, teppi eða annað slitlag með hæfilegu millibili eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

39. gr.

Telji leigutaki viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigutaki skora skriflega á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því, sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigutaka um úrbætur án ástæðulauss dráttar er leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigutaka ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

40. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel, svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigutaka.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulegra skertra afnota leigutaka af hinu leigða á hann rétt til hlutfallslegs afsláttar á leigugjaldi. Verði aðilar ekki ásáttir um afsláttinn skal úttektarmaður meta hann.

41. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum kafla þessa í leigumálum um annað húsnæði en til íbúðar.

Aðlögunargjald skal einnig greiða af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku dag gjaldsins gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðar-tollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá því að gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar aðlögunargjalds verð á birgðum vöru sem aðlögunargjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál eða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við á.

5. gr.

Af vörum, sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum, skal ekki innheimta aðlögunargjald.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. og önnur atriði varðandi innheimtu gjaldsins. Á sama hátt má ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta í einu lagi aðlögunargjald samkvæmt lögum þessum og

jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 svo og að setja megi í eina reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunar- aðgerða samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar, að fengnum tillögum iðnaðarráð- herra.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróun sam- kvæmt ákvæðum fjárlaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1979 og gilda til 31. desember 1980.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (9. gr.) Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðar- mannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfs- aðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kaup- rétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsúmsókn.
- b. (10. gr.) Tekjur lánadeildar iðngarða eru:
 1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
 2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með árinu 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðn- lánasjóðs til deildarinnar.
 3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðn- aðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. gr.

4. Vextir og visitöluálag.

- c. (11. gr.) Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra, í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.

2. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 12., 13. og 14. gr. og röð annarra greina breytist í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um Rafmagnseftirlit ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skal vera í höndum stofnunar, er nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins.

Skal Rafmagnseftirlit ríkisins rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.

Rafmagnseftirlit ríkisins heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

2. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

Rafmagnseftirlitsstjóri skal veita stofnuninni forstöðu og jafnframt vera ráðunautur ráðherra um allt, sem að lögum þessum lýtur.

Ráðherra setur rafmagnseftirlitsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Ráðherra skipar og ræður starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra.

4. gr.

Raforkuvirki, hvort heldur til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárrí spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni, að lífshætta eða

hætta á heilsutjóni eða eignatjóni geti stafað af, skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, haldið við og eftir þeim lítið, að hætta af þeim verði svo lítil sem við verður komið.

5. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkonnari eða miður trygg en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Rafmagnseftirlitsstjóri sker úr ágreiningi um:

- hvort raforkuvirki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja,
- hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum hættum og truflunum,
- hver eigi að koma þeim í verk og
- hvort, og að hve miklu leyti, eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Úrskurði rafmagnseftirlitsstjóra má áfrýja til ráðherra.

Áfrýjun frestar ekki framkvæmd aðkallandi öryggisaðgerða.

6. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum, sem það hefur eftirlit með, og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir, er það telur nauðsynlegar. Því er heimilt að kanna tæki og aðra hluta raforkuvirkja hjá verslunum, framleiðendum og öðrum, er hafa þau til sölu eða leigu.

Rafmagnseftirlitið getur hvenær sem er tekið í sína vörslu eða innsiglað viðurkenningarskyld tæki og aðra hluta raforkuvirkja, sem ekki eru færðir til prófunar í tæka tíð eða ástæða er til að ætla, að notaðir verði án heimildar Rafmagnseftirlitsins.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

- Gerð, setningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra mannvirkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón, hætta eða tilfínanleg truflun geti stafað af.
- Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og einstakra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki settum skilyrðum.
- Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
- Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki. Er engum heimilt að nota merkið nema með

- leyfi Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
- e. Prófun og viðurkenningu raffanga, sem flutt eru til landsins eða smíðuð innanlands.
 - f. Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
 - g. Skyldu stjórnar rafveitna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við rafveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði laga og reglugerða, og um heimild handa Rafmagnseftirliti ríkisins, eða rafveitum í umboði þess, að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja og loka fyrir rafstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, sem hlíta ekki ákvæðum reglugerðarinnar, svo og að taka löggildingu um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerst brotlegir við reglugerðina.
 - h. Ábyrgð eigenda, umráðamanna og notenda raforkuvirkja á ástandi og meðferð þeirra.
 - i. Í reglugerð skal einnig setja ákvæði um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis, endurbætur á raski við nýlagnir og samstarf við náttúruverndaraðila þar að lútandi.
 - j. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

8. gr.

Undanþegin eftirliti Rafmagnseftirlits ríkisins eru raforkuvirki í farartækjum, svo sem skipum, bifreiðum og flugvélum.

Ef ágreiningur verður um, hvort tiltekin raforkuvirki falla undir Rafmagnseftirlit ríkisins eða ekki, sker ráðherra úr.

9. gr.

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins skal fjár aflað á eftirfarandi hátt:

1. Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1.2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun.
2. Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess.
3. Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi vöru en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði vörunnar. Má gjald þetta nema allt að ¼% af viðkomandi verði.
4. Sérstök prófunar- og skrásetningargjöld af slíkum eftirlitsskyldum rafföngum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjöld þessi. Heimil er stöðvun á rekstri og notkun virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

10. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

13. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi VI. kafli orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um sölu notaðra lausafjármuna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim

tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar skráður og verðmerktur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, sölundag o. s. frv.

7. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

8. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um landflutningasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist landflutningasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

2. gr.

Landflutningasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og lýtur yfirstjórn samgönguráðherra. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar.

Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

- a) Einn fulltrúi tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins.
- b) Einn fulltrúi tilnefndur af Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Fela skal Framkvæmdastofnun ríkisins að annast vörslu, umsjón og endurskoðun landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. 1% gjald er innheimtist af starfsemi þeirra aðila sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflytninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

Gjald þetta skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

Gjaldlagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. Framlög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

5. gr.

Lán úr landflutningasjóði skulu veitt til kaupa á vöruflytningabifreiðum til skipulagsbundinna vöruflytninga á langleiðum, enda sé um nýjar bifreiðar að ræða. Einnig má veita lán úr sjóðnum til nauðsynlegra bygginga, sem beinlínis eru tengdar þessari flutningastarfsemi.

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir aðilar, sem greiða gjald til sjóðsins skv. 4. gr. 1. tl.

Upphæð lána má nema allt að helmingi kaupverðs bifreiða, og lán til bygginga mega nema allt að einum þriðja hluta af kostnaðarverði eða matsverði, hvort heldur sem lægra er. Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og váttryggingarverði þeirra. Hámarkslánstími skal vera fimm ár til kaupa á bifreiðum og tíu ár til byggingarframkvæmda.

Vextir og verðtrygging eða gengistrygging lána úr landflutningasjóði ákveðast með hliðsjón af kjörum þess fjár, er sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Lánskjör eru háð ákvörðun ríkisstjórnarinnar skv. 11. gr. laga nr. 13/1975.

6. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett landflutningasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Landflutningasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana með sama hætti og ríkisbankar.

9. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi landflutningasjóðs og framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum, sem ríkisstjórnin setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar reglum, sem ráðuneytið setur í reglugerð.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrisölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Að svo miklu leyti, sem vöruinnflutningur er háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Sama gildir um útgáfu annarra gjaldeyrisleyfa.

Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd þessara mála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra. Ráðuneytið getur og falið gjaldeyrisbönkunum framkvæmd úthlutunar leyfa og önnur störf í því sambandi.

Heimilt er og að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytis, gjaldeyrisviðskiptabanka og Seðlabanka til þess að fjalla um þau mál, sem um getur í þessari grein, svo og önnur mál eftir því sem ráðuneytið telur ástæðu til.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Eigi má heldur tollafgreiða vörur, nema staðfesting gjald-eyrisbanka liggi fyrir um það, að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum löglegum hætti, t. d. með lántöku eða greiðslufresti. Seðlabankinn setur nánari reglum um það, hvernig slíkum yfirlýsingum skuli háttáð.

Gjaldeyrisbankar mega ekki láta af hendi gjaldeyri, nema viðkomandi greiðsla sé heimil eða leyfi fyrir hendi, er gefið sé út samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur eða honum skilað gjaldeyrisviðskiptabanka innan eðlilegs frests frá því að hann er kominn eða gat komist í umráð eigna eða umboðsmanns hans.

Þó er heimilt að leggja gjaldeyri inn á sérstaka reikninga hjá gjaldeyrisviðskiptabönkum, sem opnaðir hafa verið samkvæmt reglum, sem viðskiptaráðuneytið hefur sett.

Gjaldyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Gjaldyriseftirlit Seðlabankans getur veitt undanþágu frá reglum 1. málsgreinar, svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri utanlands og nota gjaldyristekjur sínar til að inna tilteknar greiðslur af hendi, samkvæmt nánari reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðuneytið setur heildarreglur um ákvæði 1.—4. málsgreinar í reglugerð, þar á meðal reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga.

5. gr.

Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands.

Gjaldyrisviðskiptabankarnir skulu annast framkvæmd þeirra verkefna, sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skýrslugerðir og eftirlitsstörf. Ber þeim m. a. að veita gjaldyriseftirlitinu upplýsingar, er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrisáttum, og fara að fyrirmælum þess við eftirlitsstörf.

6. gr.

Gjaldyriseftirlit Seðlabankans skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlast. Einnig ber því að fylgjast með þeim gjaldyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu banka. Gjaldyriseftirlitið starfar jafnframt samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 10 1961 um Seðlabanka Íslands.

Gjaldyriseftirlitið fylgist með innflutningi fjármagns til landsins.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldyrisviðskiptum sínum og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Gjaldyriseftirlitið getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þess, og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur það rétt til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Gjaldeyriseftirlitið getur í starfi sínu krafist hvers konar upplýsinga, aðgangs og afhendingar á skjölum frá öðrum opinberum aðilum, þar á meðal frá skatt-, toll- og verðlagsyfirvöldum. Því er og heimilt að veita sömu aðilum upplýsingar og afhenda þeim gögn, sem þeim eru nauðsynleg til eftirlits.

7. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. getur Seðlabankinn við óvenjulegar aðstæður, svo sem þegar óvissa ríkir í gjaldeyrisáttálum innanlands eða utan, einhliða fellt niður gengisskráningu.

Gjaldeyrishöfnunum er þó heimilt að annast nauðsynlegar yfirfærslur meðan gengi er ekki skráð, enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu gjaldeyrisins og gengið endanlega frá greiðslu fyrir hann strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

8. gr.

Innlendum aðilum er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis eða erlend verðbréf, nema að fenginni heimild Seðlabankans.

Innlendir aðilar, sem eiga eignir erlendis, svo sem fasteignir og verðbréf, skulu skrásetja þær hjá gjaldeyriseftirlitinu.

Ráðstöfun á andvirði eigna þessara og tekjum af þeim er háð samþykki Seðlabankans.

9. gr.

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um útflutning og innflutning peninga-seðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, enn fremur skuldabréfa, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða á greiðslu í íslenskum eða erlendum gjaldeyri. Skulu slíkar reglur auglýstar í Lögbirtinga-blaðinu.

10. gr.

Gjaldeyrisviðskiptaböfnunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum, svo og ráðuneytinu, ef þess er óskað. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaáttæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar áttæður eru fyrir hendi.

11. gr.

Gjaldskrá bankanna um þóknunir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal samin og útgefin af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og birt í Lögbirtinga-blaðinu.

12. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis, nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu svo og leigusamningar, sjá þó 2. málsgrein.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur til lengri eða skemmri tíma, þar með talið stutt vörukaupalán.

Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum, svo og aðrar lántökur en þær, sem nefndar eru í 10. gr., skulu háðar ákvæðum þessarar greinar.

Um heimildir Seðlabankans til að taka lán erlendis fer eftir ákvæðum 20. gr. laga nr. 10/1961.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda, nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

14. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 2% gjald af fjárhæð leyfa. Ríkisstjórnin ákveður, hvernig gjaldi þessu skuli varið.

15. gr.

Gjaldeyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu til þeirra aðila, sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þar á meðal um skilaskyldu, notkun erlends gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar. Gjalddeyriseftirlitið tilkynnir gjaldeyrisviðskiptabönkunum ákvörðun um stöðvun gjaldeyrissölu.

16. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, skv. ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 6. gr.

17. gr.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 15 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Uptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

19. gr.

Lög þessi taka gildi 1. sept. 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. grein, 1. málsg. laga nr. 60 29. maí 1972, um stofnun og slit hjúskapar, breytist þannig, að í stað „20 ára“ komi: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laga nr. 22/1968 orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura. Ráðherra ákveður með reglugerð nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 38/1974.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—1982.

Alþingi hefur hinn 23. maí 1979 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1979—1982.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 6 1977, að árin 1979—1982 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

	1979	1980	1981	1982
1.1. Fastir liðir:				
1. Bensingjald	7 483	10 290	10 770	11 270
2. Þungaskattur	1 850	2 710	3 200	3 375
3. Gúmmíjald	107	110	115	120
Markaðir tekjustofnar	9 440	13 110	14 085	14 765
4. Ríkisframlag	522			
	9 962	13 110	14 085	14 765
1.2. Sérstök fjáröflun:				
1. Lánsfjáröflun	3 130			
2. Lánsfjáröflun v/Borgarfjarðar		1 000		
3. Önnur fjáröflun		7 847	8 053	8 302
Samtals	13 092	21 957	22 138	23 067

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

	1979	1980	1981	1982
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	320	375	375	375
2. Verkfræðilegur undirbúningur	393	490	490	490
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	60	75	75	75
4. Eftirlaunagreiðslur	42	55	55	55
	815	995	995	995
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	1 516	2 043	2 174	2 282
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi .	365	548	584	612
3. Viðhald brúa	185	257	274	287
4. Viðhald varnarg.	25	34	36	38
5. Heflun vega	745	1 035	1 109	1 163
6. Rykbinding	172	322	341	411
7. Vinnsla efnis	780	1 008	1 068	1 121
8. Vatnask. og ófyrirséð	170	223	234	246
9. Vegmerkingar	42	50	50	50
	4 000	5 520	5 870	6 210
2. Vetrarviðhald	1 252	1 300	1 300	1 300
	5 252	6 820	7 170	7 510
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Almenn verkefni	2 565	3 884	3 734	3 740
2. Bundin slitlög		950	1 400	1 800
3. Sérstök verkefni	870	3 500	2 900	2 800
	3 435	8 334	8 034	8 340
2. Þjóðbrautir	845	1 700	1 436	1 600
3. Girðingar og uppgræðsla	92	170	170	170
	4 372	10 204	9 640	10 110
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	534	860	910	960
2. Smábrýr	123	220	220	230
	657	1 080	1 130	1 190
2.5. Til fjallvega o. fl.:				
1. Aðalfjallvegir	21	38	38	38
2. Aðrir fjallvegir	28	40	40	40
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	24	38	38	38
4. Bláfjallav, Suðurlandsv. - Hafnarfj. .		16	30	
5. Reidvegir	3	4	4	4
	76	136	150	120
2.6. Til sýsluvega:	540	816	1 023	1 023
2.7. Til vega í kaupst. og kaupþúnum:	1 190	1 640	1 760	1 845
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:				
1. Til véla- og verkfæraкупа	58	80	80	80
2. Til byggingar áhaldahúsa	85	120	120	120
	143	200	200	200
2.9. Til tilrauna:	47	66	70	74
Samtals	13 092	21 957	22 138	23 067

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.	fjár- m.kr.	fjár- m.kr.
1	Suðurlandsvegur			
08	Um Hemruhamra		14	
14	Um Reynisfjall		75	70
17	Um Steina	20		
22-27	Hvolsvöllur—Landvegur	200	200	210
30	Skeiðavegur			
01	Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur	17	75	60
34	Eyrarbakkavegur			
02	Selfoss—Gaulverjabæjarvegur	75	130	
03	Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki			115
05	Ölfusárbrú (hönnun)			25
35	Biskupstungnabraut			
02	Þingvallavegur—Búrfellsvegur	45		
36	Þingvallavegur			
06	Uxahryggjavegur—Grafningsvegur	20		
1	Vesturlandsvegur			
13-14	Skálatún—Þingvallavegur		15	
15	Kollafjarðarkleifar—Saltvík			235
16	Brautarholtsvegur—Dalsmynni		240	
17	Eiríkshóll—Fossá	100	65	
40	Hafnarfjarðarvegur			
06	Engidalur—Elliðavatnsvegur		15	
03-04	Arnarnes—Hafnarfjörður	110	106	180
45	Garðskagavegur			
03	Garður—Sandgerði	79	15	
1	Vesturlandsvegur			
09	Um Gufá		97	
09	Um Eskiholtslæk		19	179
11	Brekka—Búðardalsá		20	
51	Akranesvegur			
01	Berjadalsá—Akranes	45		
01	Akrafjallsvegur—Berjadalsá		157	54
54	Ólafsvíkurvegur			
05	Þverá—Dalsmynni		65	
06	Um Gröf		12	
06	Um Kleifá			20
07	Um Gróulæk og Viðralæk		19	
08	Kirkjuhóll—Hofgarðar		55	
10	Fróðárheiði—Snjóastaðir			37
11	Fossá—Ólafsvík	8		
55	Heydalsvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—sýslumörk	30	91	
56	Stykkishólmsvegur			
03	Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur			178

Vegur	Vegheiti	1979 fjár. m.kr.	1980 fjár. m.kr.	1981 fjár. m.kr.
Vegnr.	Kaflaheiti			
57	Snæfellsnesvegur			
06	Álftafjörður	20		
06	Um Svelgsá			52
12	Við Grundarfjörð			43
12	Mýrar—Kviabryggja	15		20
574	Útnesvegur			
07	Hellisandur—Enni	22		
60	Vestfjarðavegur			
04	Brautarholt—Þorbergsstaðir			27
05	Um Búðardal		20	
07	Um Ljá og Fáskrúð	41	49	
08	Um Jónsvað	15		
08	Norðurhólar—Kjartanssteinn			36
09	Bersatunga—Fremri-Brekka			13
60	Vestfjarðavegur			
05	Djúpvegur—Múli			95
06	Vörðufell—Krossgil		146	50
06	Krossgil—Mýrarland	69		
09	Utan Eyrar	9		
11	Þverá—Vattardalsá			100
14	Fossá—Vatnsdalsá	10		
18	Gljúfurá—Hlaðseyri			40
25	Yfir Önundarfjörð	86		
61	Djúpvegur			
05	Arngerðareyri—Laugaból		80	
06	Gjörvidalsá—Vatnsfjarðarvegur			90
10	Strandsel—Ögur	41		
11–12	Skötufjörður		50	
16	Langeyri—Súðavík		30	
19	Utan Ísafjarðarflugvallar			70
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður	125	50	30
25	Óshlíð		50	
62	Barðastrandarvegur			
04	Um Kleifaheiði		80	
68	Hólmavíkurvegur			
01	Ormsá—Selá		100	
06	Um Stikuháls			60
06	Um Slitur	24		
08	Um Fjarðarhorn			30
10	Um Miðdalsá		22	
1	Norðurlandsvegur			
03	Um Hrutafjarðarháls	84	100	20
04–05	Miðfjarðarvegur—Vatnsnesvegur			50
06	Vatnsnesvegur—Viðidalsvegur eystri	10		
08	Gljúfurá—Reykjabraut	3		50
13	Í Langadal	50	100	
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	30	10	
17	Sauðárkróksbraut—Siglufjarðarvegur	8		
21	Fremri-Köt—Grjóta	10		
74	Skagastrandarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Þverárfjallsvegur			40

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.	fjár- m.kr.	fjár- m.kr.
75	Sauðárkróksbraut			
02-03	Norðurlandsvegur—Sauðárkrókur	5	50	85
06	Í Hegranesi	70	30	
76	Siglufjarðarvegur			
01-02	Norðurlandsvegur—Sauðárkróksbraut	16		50
04	Um Grafará	42		
04-07	Sleitustaðir—Reykjarhóll		28	
08	Reykjarhóll—Ólafsfjarðarvegur	10		
10	Almenningsnöf—Gangamunni	15	100	115
1	Norðurlandsvegur			
03-04	Um Bægisá			80
04-05	Á Moldhaugnahálsi	50	65	
11	Um Svalbarðsströnd	40	60	
16	Kross—Fosshóll	30	37	
19	Brún—Mývatnssveitarvegur	30	33	50
20	Mývatnssveitarvegur—Mývatnsvegur			45
23	Kísiliðja—Austaraselsheiði	8		
23-25	Kísiliðja—Jökulsá		58	
82	Ólafsfjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Hörgárdalsvegur	50	55	
01-02	Norðurlandsvegur—Hauganesvegur	40		
03	Um Þorvaldsdalsá	53		
03	Hámundarstaðaháls		70	100
06	Múlavegur, vegsvalir	10		
85	Norðausturvegur			
01-02	Kaldakinn	60	44	65
10	Lón—Vikingavatn	35	33	
17	Melrakkaslétta	50	70	100
21	Raufarhöfn—Sveinungsvík			20
26	Þistilfjörður	15	15	20
802	Ólafsfjarðarvegur eystri			
02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	20	50	60
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur		30	
901	Austurlandsvegur			
08	Jökuldalsvegur eystri—Hvanná	28		
12	Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú	20	23	
13	Lagarfljótsbrú—Norðfjarðarvegur	14		
15	Upphéraðsvegur—Litla-Sandfell	8		50
20	Innri-Kleif—Suðurfjarðavegur		28	
21	Suðurfjarðavegur—Skrúðskambur			60
22	Skrúðskambur—Fosserði	13	50	70
25	Axarvegur—Urðarteigur	50	30	
32	Krossanes—Óssurá	11		
34	Brekka—Þorgeirsstaðir	50		
36	Hornvegur—Hafnarvegur		20	
39	Hoffell—Hólmur			25
45	Fjallsá—Kvíá	7		
985	Norðausturvegur			
03	Miðfjarðará—Hafnarvegur	40		
06	Strandhafnarvegur—Vesturárdalsvegur		71	
07	Vesturárdalsvegur—Vopnafjörður	6		

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjársv. m.kr.	fjársv. m.kr.	fjársv. m.kr.
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	24	75	
09-15	Vopnafjörður—Austurlandsvegur			100
992	Norðfjarðarvegur			
02	Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur			80
03	Mjóafjarðarvegur—Neðstabrú		85	
05	Suðurfjarðarvegur—Reyðarfjörður	4		
07	Reyðarfjörður—Eskifjörður	60	10	
10	Göng Eskifjarðarmegin—Kirkjuból	20	52	20
11	Kirkjuból—Neskaupstaður			60
993	Seyðisfjarðarvegur			
03	Sýslumörk—Seyðisfjörður	70	120	30
996	Suðurfjarðarvegur			
01	Norðfjarðarvegur—Eyri			80
03	Hafranes—Vattarnes		20	
05	Höfðahús—Búðir	70		
11	Kambanesvegur—Breiðdalsvíkurvegur		100	90
Samtals		2 565	3 884	3 734

1.2. Bundin slitlög.

Vegur	Vegheiti	1980	1981	1982
Vegnr.	Kaflaheiti	fjársv. m.kr.	fjársv. m.kr.	fjársv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur			
12	Við Vík		60	
22-23	Hvolsvöllur—Hella	30	149	
30	Skeiðarvegur			
01	Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur			104
33	Gaulverjabæjarvegur			
04	Stokkseyri—Eyrarbakkavegur		60	
38	Þorlákshafnarvegur			
02-03	Þrengslavegur—Þorlákshöfn	230		
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur			270
1	Vesturlandsvegur			
18-19	Hvammsvík—Múlanes	149	243	
1	Vesturlandsvegur			
01-03	Hvalfjörður—Borgarfjörður			70
08	Ofan Borgarness			51
09	Um Gufá			35
11	Um Grábrókarhraun			40
11	Brekka—Búðardalsá	50		
51	Akranesvegur			
01	Akrafjallsvegur—Berjadalsá		122	
54	Ólafsvíkurvegur			
02	Vesturlandsvegur—Borg			30
56	Stykkishólmsvegur			
03	Nesvogur—Stykkishólmur			30
57	Snæfellsnesvegur			
12	Við Grundarfjörð			10

Vegur	Vegheiti	1980	1981	1982
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþv. m.kr.	fjárþv. m.kr.	fjárþv. m.kr.
60	Vestfjarðavegur			
05	Við Búðardal	30		
60	Vestfjarðavegur			
21	Innan Þingeyrar		65	
27	Á Dagverðardal		25	
61	Djúpvvegur			
16	Innan Súðavíkur		30	
21	Innan Ísafjarðar	55	25	
25	Við Bolungarvík		50	
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Innan Suðureyrar		30	
68	Hólmavíkurvegur			
12	Við Hólmavík			25
622	Svalvogavegur			
03	Utan Þingeyrar		20	
1	Norðurlandsvegur			
02	Staður—Reykjaskóli			100
08	Gljúfurá—Reykjabraut			77
09	Reykjabraut—Blönduós	81	30	
11	Blönduós—Skagastrandarvegur		55	
12	Skagastrandarvegur—Hvammur			50
17	Sauðárkróksbraut—Siglufjarðarvegur			80
74	Skagastrandarvegur			
03	Við Skagaströnd			25
75	Sauðárkróksbraut			
02—03	Norðurlandsvegur—Sauðárkrókur			100
05	Sauðárkrókur—Flugvöllur	65		
1	Norðurlandsvegur			
05	Ólafsfjarðarvegur—Dagverðareyrarvegur	120		
11	Vaðlaheiðarvegur—Svalbarðseyri			100
21—22	Mývatnsvegur—Reykjahlið			105
82	Ólafsfjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur	60	100	
02	Hjalteyrarvegur—Hauganesvegur		51	
03	Við Dalvík			60
85	Norðausturvegur			
03—04	Tjörn—Húsavík			133
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01	Flugvöllur—Kristnes		50	
1	Austurlandsvegur			
12	Um Hlaðir			30
14	Norðfjarðarvegur—Höfðaá			150
37	Hafnarvegur—Mánagarður		100	
92	Norðfjarðarvegur			
01—02	Ofan Egilsstaða			125
04—05	Melshorn—Reyðarfjörður		55	
07	Við Eskifjörð	50		
11	Við Neskaupstað		80	
93	Seyðisfjarðarvegur			
03	Við Seyðisfjörð	30		
Samtals		950	1 400	1 800

1.3. Sérstök verkefni.

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981	1982
Vegnr.	Kaflaheiti	m.kr. fjárþv.	m.kr. fjárþv.	m.kr. fjárþv.	m.kr. fjárþv.
35	Biskupstungnabraut				
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur		100	200	320
36	Þingvallavegur		80	100	150
40	Hafnarfjarðarvegur				
03-04	Arnarnes—Hafnarfjörður		250	540	600
1	Vesturlandsvegur				
05	Um Borgarfjörð	730	2 000	950	220
1	Vesturlandsvegur				
	Á Holtavörðuheiði	140	150	150	250
60	Vestfjarðavegur				
25	Um Önundarfjörð		370	100	
61	Djúpvegur				
03	Tenging Inn-Djúps				250
1	Norðurlandsvegur				
17	Um Héraðsvötn		200	510	300
1	Norðurlandsvegur				
13	Um Víkurskarð		150	200	410
1	Austurlandsvegur				
30-32	Um Hvalnesskriður		200	150	200
85	Norðausturvegur				
10-15	Á Vopnafjarðarheiði				100
Samtals		870	3 500	2 900	2 800

2. Þjóðbrautir.

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþv. m.kr.	fjárþv. m.kr.	fjárþv. m.kr.
204	Meðallandsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Arnardrangar		10	20
02	Um Eldvatn	13		
205	Klausturvegur			
01	Um Kirkjubæjarklaustur		35	
208	Búlandsvegur			
01	Ýmsir staðir	5		10
215	Reynishverfisvegur			
01	Suðurlandsvegur—Presthús			10
220	Dalavegur			
01	Við Flugstöð		75	
225	Þykkvabæjarvegur			
01-02	Suðurlandsvegur—Þykkvibær		35	30
226	Landvegur			
03	Um Skarð			30
04	Galtalækur—Búrfell	10		
246	Skálavegur			
01	Við Hvamm	8		
250	Dimonarvegur			
01	Ýmsir staðir	2	10	
352	Landeyjavegur			
01-06	Ýmsir staðir	5	10	10

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþv.	fjárþv.	fjárþv.
		m.kr.	m.kr.	m.kr.
261	Fljótshlíðarvegur			
02	Hvolsvöllur—Deild	35	45	40
268	Þingskálavegur			
02	Bolholt—Landvegur	10	15	10
286	Hagabraut			
02	Við Mykjunes	2		
302	Urriðafossvegur			
01	Ýmsir staðir	5		
305	Villingaholtsvegur			
02	Ýmsir staðir	20	33	32
316	Kaldaðarnesvegur			
01	Ýmsir staðir	5		10
330	Hrunamannavegur			
05	Um Flúðir			40
08	Um Gígjarhól			55
333	Gaulverjabæjarvegur			
01	Um Hróarsholtslæk		12	
02	Um Baugsstaðaá	25		
335	Biskupstungnabraut			
05	Ofan Brúarár	25	40	40
337	Laugarvatnsvegur			
02	Um Laugarvatn	7	60	
340	Auðsholtsvegur			
01	Hrunamannavegur—Langholt	10	20	
345	Kaldbaksvegur			
01	Ýmsir staðir	5		
351	Búrfellsvegur			
01	Norðan Seyðishóla			8
360	Grafningsvegur efri			
02	Villingavatn—Úlfjótsvatnsklif			10
365	Gjábakkavegur			
01	Við Laugarvatn		14	
425	Nesvegur			
01	Hafnir—Reykjanesviti	18	85	
06	Grindavík—Þórkötlustaðahverfi	31	25	
44	Hafnavegur			
02	Flugvöllur—Stapafellsvegur			105
431	Hafravatsvegur			
01	Um Seljadalsá	4		
50	Borgarfjarðarbraut			
02	Um Hesthals	5	50	
05	Hamraendar—Arnarholt	24	59	
52	Uxahryggjavegur			
02	Borgarfjarðarbraut—Hóll		22	30
503	Akrafjallsvegur			
03	Við Akranes	19		
504	Leirársveitarvegur			
01	Vesturlandsvegur—Eystri-Leirárgarðar			15
508	Skorradalsvegur			
02	Um Vatnsenda			12
510	Hvanneyrarvegur			
01	Að Hvanneyri			12

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþ. m.kr.	fjárþ. m.kr.	fjárþ. m.kr.
518	Hálsasveitarvegur			
01	Sturlu-Reykir—Litli-Hvammur	22		
523	Hvítársíðvegur			
01	Þverárhliðarvegur—Þorgautsstaðir	6	43	
526	Stafholtsvegur			
01	Stafholt—Svarfhóll		22	
540	Hraunhreppsvegur			
01	Um Norðanlæk	13		
56	Stykkishólmsvegur			
01	Þvergil—Kaldakvísl			19
02	Helgafellssveitarvegur—Snæfellsnesvegur			25
566	Hítarnesvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—Krossholt		9	
568	Skógarnesvegur		9	
01	Deildarlækur—Skógarnes			
02	Miklaholt—Ólafsvíkurvegur	3		
571	Ölkelduvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—Hóll		6	
572	Lýsuhólsvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—Ólafsvíkurvegur		7	
574	Útnesvegur			
01	Hamraendalækur—L.-Hnausar		17	
02	Um Sleggjubeinu			9
575	Flugvallarvegur Rífi			
01	Að flugstöð	10		
579	Flugvallarvegur Stykkishólmi			
01	Að flugstöð	7		
59	Laxárdalsvegur			
02	Laxárdalsheiði	7	60	
583	Hálsabæjavegur syðri			
01	Hundadalur—Bær	1		
588	Gillastaðavegur			
01	Laxárdalsvegur—Laxá	2		
590	Klofningsvegur			
01	Hafnará—Breiðabólstaður			29
04	Fábeinsá—Klofningur			28
07	Um Stekkjardal		15	
593	Efribyggðarvegur			
01	Kjarlaksstaðir—Tunguá			22
594	Staðarhólsvegur			
01	Um Þurranes		9	
607	Reykhólasveitarvegur			
01	Um Barmahlíð	12		
612	Örlygshafnarvegur			
01	Skápadalur—Rauðasandsvegur			10
01	Um Hvalsker	27		
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Innan Tálknafjarðar	8		
03	Sveinseyrarhlíð	15		
619	Ketildalvegur			
04	Austmannsdalur—Selárdalur		40	

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegn.	Kaflaheiti	fjár.	fjár.	fjár.
		m.kr.	m.kr.	m.kr.
622	Svalvogavegur			
04	Haukadalsá—Sveinseyri	3		
633	Vatnsfjarðarvegur			
01-04	Djúpvvegur—Djúpvvegur			50
635	Snæfjallastrandarvegur			
04	Bæir—Lyngholt	20		
643	Strandavegur			
02	Um Grænanes	27		
02	Um Bassastaði			30
647	Munaðarnesvegur			
01	Norðurfjörður—Munaðarnes			30
59	Laxárdalsvegur			
01	Sýslumörk—Laxá		54	
65	Súgandafjarðarvegur			
01	Um Botnsheiði			40
02	Innan Suðureyrar		68	
702	Heggstaðanesvegur			
01	Norðurlandsvegur—Bálkastaðir			20
704	Miðfjarðarvegur			
02	Vesturárdalsvegur—Bjarg		36	
705	Vesturárdalsvegur			
01	Miðfjarðarvegur—Skeggjastaðir		16	
711	Vatnsnesvegur			
01	Hvammstangi—Skarð	30	18	
714	Fitjavegur			
01	Norðurlandsvegur—Neðri-Fitjar			37
722	Vatnsdalsvegur			
02	Grímstunguvegur—Norðurlandsvegur	5		
723	Grímstunguvegur			
01	Vatnsdalsvegur—Vatnsdalsvegur		10	
726	Auðkúluvegur			
01	Reykjabraut—Svinvetningabraut		10	
731	Svinvetningabraut			
01-03	Norðurlandsvegur—Blanda	25	42	
734	Svartárdalsvegur			
01	Norðurlandsvegur—Bergsstaðir	5		
741	Neðribyggðarvegur			
01	Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur	3		18
742	Mýravegur			
01	Skagastrandarvegur—Ðverárfjallsvegur		10	
745	Skagavegur			
01	Skagastrandarvegur—Örlygsstaðir			12
02	Örlygsstaðir—Krókssel			31
05	Sýslumörk—Keta	6		
09	Ðverárfjallsvegur—Sauðárkrókur	12		95
752	Skagafjarðarvegur			
01-03	Norðurlandsvegur—Austurdalsvegur		20	
754	Héraðsdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur	11		
758	Austurdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur		5	

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár. m.kr.	fjár. m.kr.	fjár. m.kr.
764	Hegranesvegur vestri			
01	Hegranesvegur eystri—Helluland	31	30	
781	Deildarvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur	15		12
786	Sléttuhlíðarvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur		8	
787	Flókadalsvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur		35	
788	Haganesvíkurvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur	2		
789	Sléttuvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur		30	
83	Grenivíkurvegur			
02	Ystavík—Fnjóskadalsvegur eystri			89
805	Svarfaðardalsvegur			
01	Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur			59
807	Skiðadalsvegur			
01	Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur			59
811	Hjalteyrarvegur			
01	Ólafsfjarðarvegur—Hjalteyri	10		
812	Bakkavegur			
01	Ólafsfjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur	13	15	
814	Staðarbakkavegur			
01	Hörgárdalsvegur—Staðarbakki	12	36	
816	Dagverðareyrarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur		20	
817	Blómsturvallavegur			
01	Norðurlandsvegur—Lónslækur		10	
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá	30	52	
836	Vaglaskógarvegur			
01	Vaðlaheiðarvegur—Lundur	6		
841	Fremstafellsvegur	2		
843	Lundarbrennuvegur	2		
844	Bárðardalsvegur eystri			
01-02	Norðurlandsvegur—Bárðardalsvegur vestri	15	50	
847	Stafnsvegur			
01	Norðurlandsvegur—Stafn		10	
848	Mývatnssveitarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Garður		15	
852	Sandsvegur			
01	Norðausturvegur—Sandur		10	
854	Staðarbraut			
01	Aðaldalsvegur—Hvammsvegur	17		
856	Laxárdalsvegur vestri			
01	Staðarbraut—Halldórsstaðir	3		
866	Austursandsvegur			
01	Norðausturvegur—Akursel	10		
869	Langanesvegur			
01-03	Þórshöfn—Flugvöllur	20		28
994	Borgarfjarðarvegur			
01	Seyðisfjarðarvegur—Eiðar	15		

Vegur	Vegheiti	1979	1980	1981
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþ. m.kr.	fjárþ. m.kr.	fjárþ. m.kr.
03	Eiðar—Steinsvaðsvegur	29	60	50
08	Njarðvík—Þorp	10		
915	Vesturárdalsvegur			
01	Norðausturvegur—Búastaðir			25
924	Jökuldalsvegur eystri			
01	Austurlandsvegur—Refshöfði	1	35	
925	Hróarstunguvegur			
01	Austurlandsvegur—Húseyjarvegur		30	
927	Brekubæjavegur			
01	Tunguvegur—Tunguvegur		30	
929	Fellavegur			
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur		9	
931	Upphéraðsvegur			
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	13	4	
09	Gunnlaugsstaðir—Austurlandsvegur			60
934	Múlavegur í Fljótsdal			
01	Upphéraðsvegur—Glúmsstaðir		30	
953	Mjóafjarðarvegur			
01	Norðfjarðarvegur—Háheiði	16		
03	Fjörður—Brekka			30
Samtals		845	1 700	1 436

2.4. TIL BRÚAGERÐA

1. Til brúa 10 m og lengri.

	Fjárveitingar í m.kr.		
	1978	1980	1981
Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.)	2		
Sandá á Kjalvegi (aðalfjallv.)	27		
Seljadalsá (431)	28		
Fáskrúð (60)	58		
Ljá (60)	30		
Miklagil (1)	32		
Bjarnardalsá (625)	40		
Valadalsá (1)	45		
Grafará (76)	21		
Þorvaldsá	90		
Eyvindarlækur (854)	23		
Miðfjarðará (85)	55		
Ártúnsá (1)	83	22	
Gufuá (1)		52	
Þverá á Lundahyl (50)		106	
Selá í Hrútafirði (68)		78	
Miðdalsá (68)		75	
Hálsá (82)		82	
Hrúteyjarkvísl (1)		114	
Selá í Vopnafirði (85)		162	
Svarfaðardalsá (82)		169	243
Hróarslækur (1)			88
Svelgsá (57)			67
Þorskafjarðará (60)			90
Giljá (1)			143
Bægisá (1)			117
Grímsá á Völlum (931)			162
	Alls	534	860
			910

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ólfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.
- 22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.
- 25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
- 26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.
- 202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakka-völl, að heimreið að Prestbakka.
- 203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.
- 204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðal-landi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.
- 205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
- 206 Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að Heiðarseli.
- 208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.
- 210 Ljótastaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.
- 211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
- 212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
- 214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.
- 215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
- 216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
- 218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.
- 219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
- 240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.
- 242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.
- 243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnavhverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.
- 245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.
- 246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
- 247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

- 248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
- 249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
- 250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljóts-aura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
- 251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
- 252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
- 254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álfarhóls að Hólumum.
- 255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
- 257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
- 261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múla-kot að Háamúla.
- 262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
- 264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varma-dals.
- 266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
- 268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjar-skógar.
- 271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteins-höfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
- 273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
- 275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
- 282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ás-veg við Áshverfi.
- 284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gisl-holt, á Hagabraut.
- 286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
- 288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykj-um, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hreppólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóstöðum.
- 31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
- 32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.
- 33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokks-eyri á Eyrarbyggðaveg ofan Eyrarbakka.
- 34 Eyrarbyggðavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyr-arbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
- 35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svína-vatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
- 36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
- 37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.

- 38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
- 39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svinahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
- 302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
- 303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
- 304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
- 305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
- 308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
- 309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
- 310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkevegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
- 311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
- 312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
- 314 Holtsgvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
- 316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkevegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
- 318 Langholtsvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
- 321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
- 322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
- 324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
- 325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
- 326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
- 328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Áaskóla.
- 329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
- 340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
- 341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
- 343 Álfstétt: Af Eyrarbakkevegi að Eyrarbakka.
- 344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
- 345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
- 349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
- 350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfjótsvatn.
- 351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
- 353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
- 354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svinavatns.

- 355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
- 356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
- 358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
- 359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
- 360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
- 364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
- 365 Gjábackavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábacka.
- 366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
- 374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
- 375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellisenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
- 52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
- 1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
- 36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
- 40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
- 41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
- 43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- 44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
- 45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
- 410 Elliðavatnsvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, um Nónhæð á Reykjanesbraut við Hnoðraholt.
- 412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
- 415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
- 416 Álfanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
- 420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
- 421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.

- 422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa að Innri-Njarðvík.
- 425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes, Grindavík og Ísólfskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
- 430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
- 431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
- 433 Reykjalandarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalandi
- 458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
- 460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
- 461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlið.

Vesturlandskjördæmi.

- 1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheidi.
- 50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
- 51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
- 52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
- 53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
- 54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
- 55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bildhóls.
- 56 Stykkishólmsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð, um Helgafellssveit til Stykkishólms.
- 57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
- 59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
- 502 Svinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
- 503 Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl suður fyrir Akrafjall um Innra-Hólm að Akranesi.
- 504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svinadalsveg vestan við Hól.
- 505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
- 507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
- 508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
- 509 Hagavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Stóru-Drageyri, sunnan Skorradalsvatns um Haga að Fitjum.
- 510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.
- 511 Hvanneyrarvegur: Af Vesturlandsvegi að Hvanneyrarskóla.

- 512 **Lundarreykjadalssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
- 513 **Bæjarsveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvitárakka.
- 514 **Laugarholtsvegur:** Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
- 515 **Flókadalssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
- 516 **Stóra-Kroppssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfnesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
- 517 **Reykðælavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtssdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalssá hjá Steindórsstöðum á Reykholtssdalssveg við Úlfsstaði.
- 518 **Hálsasveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvitársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
- 519 **Reykholtssdalssvegur:** Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtssdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
- 522 **Þverárhliðarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
- 523 **Hvitársíðuvegur:** Af Þverárhliðarvegi hjá Síðumúla, um Hvitársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
- 524 **Þverárvegur:** Af Þverárhliðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
- 525 **Grjóthálsvegur:** Af Þverárhliðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
- 526 **Stafhólssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
- 527 **Varmalandsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
- 528 **Norðurárdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
- 530 **Ferjubakkavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvitárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
- 531 **Borgarnesbraut:** Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
- 532 **Þursstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
- 533 **Álftaneshreppsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
- 534 **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
- 535 **Grímsstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
- 537 **Sauravegur:** Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
- 539 **Staðarhraunsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
- 540 **Hraunhreppsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
- 566 **Hítarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
- 567 **Kolviðarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
- 568 **Skógarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollssstaði um Hömluholt, Hausthús, Syðra- og Ytra-Skógarnes, Miklholt og Litlu-Þúfu á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu.
- 571 **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
- 572 **Lýsuhólssvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnshólssár.
- 574 **Útnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðarheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.

- 575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
- 576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Selberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
- 577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Stykkishólmsveg norðan Kerlingarskarðs.
- 579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
- 580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
- 581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
- 582 Hálsabæjavegur nyrðri: Af Snæfellsnesvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
- 583 Hálsabæjavegur syðri: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal að Bæ.
- 585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
- 586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
- 587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
- 588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
- 589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingfjastaða að Laugaskóla.
- 590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
- 591 Neðribyggðarvegur: Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
- 592 Skorravíkurvegur: Af Klofningsvegi vestan við Hellu um Skorravík að Ketilsstöðum.
- 593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
- 594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
- 60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svinadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
- 69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

- 1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheidi að sýslumörkum við Hrutafjarðará.
- 59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheidi á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
- 60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheidi, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheidi, Dýrafjörð, Gemlufallsheidi, Önundarfjörð, Breiðadalsheidi og á Djúpveg í Skutulsfirði.
- 61 Djúpvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheidi, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
- 62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheidi að Patreksfirði.
- 63 Bildudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bildudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
- 64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
- 65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheidi um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.

- 67 Steingrímsfjarðarvegur: Af Strandavegi í Steingrímsfirði um Staðardal á Djúpveg á Þorskafjarðarheiði.
- 68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stíkuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
- 69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
- 605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
- 607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
- 609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
- 611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
- 612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
- 614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
- 615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
- 616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
- 617 Tálknafjarðarvegur: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
- 619 Ketildalvegur: Af Bildudalsvegi um Bildudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
- 621 Mosdalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Ósi í Mosdal.
- 622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadál, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
- 623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
- 624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
- 625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
- 626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
- 631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
- 632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
- 633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
- 635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
- 638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
- 641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
- 643 Strandavegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík, fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veidileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes að bryggju í Norðurfirði.
- 645 Drangnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
- 646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjafirði að flugvelli.
- 647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalshéiði.
- 72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
- 74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagaveg hjá Harastöðum.
- 75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
- 76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstökki, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
- 702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
- 704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarar, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
- 705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
- 706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Neðra-Núpi.
- 711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorní.
- 712 Þorgrímsstaðadalurvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Tungu.
- 714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á mótis við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
- 715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
- 716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
- 717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
- 718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
- 721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
- 722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
- 723 Grímsstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímsstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
- 724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svinvetningabraut hjá Tindum.
- 725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
- 726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svinvetningabraut sunnan Svínavatns.
- 727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
- 728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
- 731 Svinvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
- 732 Kjalvegur: Af Svinvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.

- 733 Blöndudalsvegur: Af Svinvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlið.
- 734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlið, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
- 741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
- 742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
- 744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurrárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skiðastöðum.
- 745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
- 748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
- 749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
- 751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
- 752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahliðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
- 753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
- 754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
- 757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
- 759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
- 761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
- 762 Sæmundarhliðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlið að Fjalli.
- 763 Hellulandsvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
- 764 Hegranesvegur vestri: Af Hegranesvegi eystri við Ketu að Hellulandi.
- 765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
- 766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
- 767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
- 768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
- 769 Asavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
- 781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
- 783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
- 784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
- 786 Sléttuhliðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhliðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
- 787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgorðum.

- 788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
- 789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
- 792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalshéiði, um Öxnadal, Delamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Vikurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnshéiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
- 83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.
- 85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknabeiði.
- 87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólsand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
- 802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.
- 803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.
- 805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
- 806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
- 807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrisum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
- 808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
- 809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
- 811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
- 812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.
- 813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
- 814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
- 815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
- 816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
- 817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
- 820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Hólsgærði.

- 822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
- 824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
- 825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.
- 826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
- 827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Eyvindarstöðum.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
- 830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
- 831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
- 832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
- 833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
- 834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
- 835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
- 836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
- 841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvislarbrúar, um brú á Djúpa, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvislarbrú vestan Skjálfandaflióts að Mýri.
- 843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Viðikeri.
- 844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
- 846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalssá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
- 847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
- 849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
- 850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
- 851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípa.
- 852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
- 853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
- 854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
- 855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
- 856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
- 857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
- 858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
- 861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegur.

- 862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
 864 Hólshjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grimsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
 865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka
 866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Akurseli.
 867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
 868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
 869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
 870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.
 871 Flugvallarvegur Kópaskeri: Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.
 873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

- 1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossavöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almanskari, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öraefi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
 92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðar eyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðabínghá, Hjaltastaðabínghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
 96 Suðurfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambarnes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðarvegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
 98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
 99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
 913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
 915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
 916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsar að flugvelli.
 917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossavöllum, um Jökulsárhlið, yfir Helliheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
 919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
 922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaída að Grófarseli.
 923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
 924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
 925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
 926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.

- 927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
- 931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfstöðum á Völlum.
- 933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuriðarstöðum.
- 934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Viðivöllum fremri.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlubrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Viðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
- 942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
- 943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg við Gagnstöð.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstöð.
- 947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnholti.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
- 955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
- 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hólagerði.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
- 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kaupsins.
- 971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svinhólum.
- 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
- 988 Flugvallarvegur Örfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

- 1 Suðurlandsvegur.
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.
- 31 Skálholtsvegur.
- 33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri — Eyrarbyggavegur.
- 34 Eyrarbyggavegur.
- 35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.
- 36 Þingvallavegur.
- 38 Þorlákshafnarvegur:
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.
- 39 Þrengslavegur.
- 343 Álfsstétt.
- 1 Vesturlandsvegur.
- 40 Hafnarfjarðarvegur.
- 41 Reykjanesbraut.
- 43 Grindavíkurvegur.
- 44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.
- 45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði.
- 411 Arnarnesvegur.
- 412 Vífilstaðavegur.
- 415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.
- 431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.
- 433 Reykjalandarvegur.
- 51 Akranesvegur.
- 53 Hvítárvallavegur.
- 54 Ólafsvíkurvegur.
- 55 Heydalsvegur.
- 56 Stykkishólmsvegur:
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

- 57 Snæfellsnesvegur.
- 574 Útnesvegur:
Hellissandur — Ólafsvík.
- 60 Vestfjarðavegur.
- 61 Djúpvegur.
- 62 Barðastrandarvegur.
- 63 Bíldudalsvegur.
- 67 Steingrímsfjarðarvegur.
- 68 Hólmavíkurvegur.
- 1 Norðurlandsvegur.
- 72 Hvammstangavegur.
- 74 Skagastrandarvegur:
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.
- 75 Sauðárkróksbraut.
- 76 Siglufjarðarvegur.
- 82 Ólafsfjarðarvegur.
- 85 Norðausturvegur.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegur.
- 845 Aðaldalsvegur.
- 1 Austurlandsvegur.
- 92 Norðfjarðarvegur.
- 93 Seyðisfjarðarvegur.
- 96 Suðurfjarðavegur.
- 99 Hafnarvegur.

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

- F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulsárkvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).
- F28 Sprengisandsleið:
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).
- F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F78 Skagafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarleið (F82) vestan Kiðagilsdraga um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (66 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Sprengisandsleið (F28) norðan Fjórðungsvatns um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri (821) hjá Hólsgerði (53 km).

F92 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Uppþypplingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Móðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 8. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

30. maí 1979.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við G 1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

G 2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línunum réttvísandi 315° frá $66^\circ 23'6''$ N — $23^\circ 24'5''$ V og réttvísandi 0° (360°) frá $66^\circ 31'7''$ — $23^\circ 01'0''$ V.

B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti $65^\circ 51'5''$ N — $24^\circ 13'0''$ V og $66^\circ 04'8''$ N og $23^\circ 57'0''$ V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi 100. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 23. maí 1979. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

11. júní 1979.

243

Nr. 69.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs og gera útvegsmönnum þar með kleift að rísa undir hækkun olíuverði og til þess að halda uppi verði á vannýttum fisktegundum, beri nú brýna nauðsyn til að hækka tímabundið oliugjald til fiskiskipa og heimila greiðslu uppbótar á verð á karfa og ufsa. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu áu þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hluta-skipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1976 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa á tímabilinu 15. maí 1979 til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fisk-verðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar til útgerðaraðila. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979.

Gjört í Reykjavík 11. júní 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða
Vinnuveitendasambands Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að verkfall yfirmanna á farskipum hafi staðið frá 25. apríl s.l. og frá 3. júní s.l. hjá undirmönnum innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðila innan Vinnuveitendasambands Íslands. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands lagt verkband á undirmenn á farskipum frá 11. maí s.l. og auk þess boðað vegna þessara deilna viðtækt verkband, sem að óbreyttu muni hefjast 25. júní n.k. Sáttatilaunir hafi reynt árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn deilnanna. Verkbann þetta og verkfall hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum, tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórfelldum truflunum og stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna verði framhald á þeim. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda endi á deilur þessar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aftar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört að Bessastöðum 19. júní 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979.

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna gífurlegrar hækkunar á verði innflutts eldsneytis að undanfögnu beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana í því skyni að draga úr olíunotkun og hraða framkvæmdum á sviði innlendar orkuframleiðslu og dreifingar. Í þessu skyni þurfi að heimila lántöku og gefa ábyrgðarheimildir fyrir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs umfram það sem ákveðið var með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979, er nemi 2 275 millj. kr. Fyrir því eru hérmeð sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituf framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituf framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 10. júlí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun olfugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánnum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að óhjákvæmilegt hafi reynst að hækka olíuverð til fiskiskipa frá 20. júlí 1979 vegna sífelldrar hækkunar á innflutningsverði olíu. Mikilvæg forsenda síðustu fiskverðsákvörðunar hafi verið, að olíuverð til fiskiskipa héldist óbreytt eða gerðar yrðu ráðstafanir til þess að frekari hækkun þess mæddi ekki á sjávarútveginum á gildistíma fiskverðsins. Af þessum sökum beri brýna nauðsyn til að hækka tímabundið olíugjald til fiskiskipa um 8% frá og með 20. júlí 1979, og komi 3% af þessari hækkun olíugjalds til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna. Jafnframt sé nauðsynlegt að afla heimildar til þess að veita ríkisábyrgð á skuldbreytingalánnum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum oliufélaganna fyrir olíu, til þess að færi gefist til að dreifa óhjákvæmilegri hækkun á olíuverði innanlands yfir lengri tíma en ella.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. lög nr. 69 11. júní 1979, orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 15% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Af olíugjaldi þessu skulu 3% koma til hlutaskipta og aflaverðlauna skv. kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna en 12% ekki.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita oliufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur fram til 20. júlí 1979 og myndast kann fram til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 milljónum króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 20. júlí til 30. september 1979, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Eftir 30. september 1979 taka gildi að nýju ákvæði 1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 69 11. júní 1979 um þetta efni.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum. Framvinda ríkisfjármálanna hafi það sem af er þessu ári verið óhagstæð og lakari en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Hafi útgjöld ríkissjóðs af ýmsum ástæðum farið fram úr áætlun meðal annars vegna þess að óhjákvæmi-legt hafi verið að snúast við stórhækkun verðs á innfluttu eldsneyti með auknum stuðningi við þá, sem kynda hús sín með olíu. Halli á ríkissjóði feli í sér hættu á aukinni verðbólgu. Til þess að tryggja fé til að halda uppi nauðsynlegri opinberri þjónustu og koma í veg fyrir halla á ríkissjóði beri því brýna nauðsyn til að afla ríkissjóði viðbótartekna hið fyrsta með hækkun á söluskatti.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 111/1976) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 16. september 1979.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við sammingsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd fyrir 22. september 1979.

III.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. 1. nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga þessara gilda frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

IV.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskatts-skýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinn vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattýfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört að Bessastöðum, 10. september 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald. Framvinda ríkisfjármálanna hafi það sem af er þessu ári verið óhagstæð og lakari en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Hafi útgjöld ríkissjóðs af ýmsum ástæðum farið fram úr áætlun meðal annars vegna þess að óhjákvæmilegt hafi verið að snúast við stórhækkun verðs á innfluttu eldsneyti með auknum stuðningi við þá, sem kynda hús sín með oliu. Halli á ríkissjóði feli í sér hættu á aukinni verðbólgu. Til þess að tryggja fé til að halda uppi nauðsynlegri opinberri þjónustu og koma í veg fyrir halla á ríkissjóði beri því brýna nauðsyn til að afla ríkissjóði viðbótartekna hið fyrsta með hækkun á sérstöku tímabundnu vörugjaldi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

- A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald:

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09,
92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendirar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Hafi innflytjandi fyrir 12. september 1979 afhent til tollmeðferðar aðflutnings-skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds, sem skv. 1. gr. gildir til og með 11. september 1979 en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 17. september.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hefur þegar verið greitt af við gildistöku laga þessara.

Um refsingar og viðurlög vegna brota ákvæðum þessarar greinar skulu gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðla-
banka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda rikissjóðs allt
að 4500 m. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. september 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1979

23. júní 1979.

253

Nr. 75.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 23. júní 1979.

Ólafur Jóhannesson.

Björn Bjarnason.

29. júní 1979.

Nr. 76.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 29. júní 1979.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

L Ö G

um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt 34. gr. laga nr. 46 30. maí 1979 um breyting á lögum nr. 84 19. ágúst 1970, lögum nr. 7 8. mars 1971, lögum nr. 67 29. maí 1972, lögum nr. 88 7. nóvember 1973, lögum nr. 3 17. febrúar 1975 og lögum nr. 45 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál laga nr. 46/1979 svo og þau ákvæði annarra breytinga laga sem halda gildi sínu inn í lög nr. 84 19. ágúst 1970 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera visindaleg rannsóknarstofnun og visindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt visindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI

Stjórn Háskólans.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, hús-næði háskólans og búnað.

Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álíts deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað, og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

Rektorskjör fer fram í aprilmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsg. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallist verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef varaforseti er forfallaður, gegnir sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

4. gr.

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefni, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra

kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentar og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

7. gr.

Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslíð, eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslíð háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslíð annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfslíði skrifstofu erindisbréf.

III. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

9. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

Við háskólann starfa rannsóknastofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknastaðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík tilhögun heimilud í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembættis, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur háskólakennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast, sbr. nánar í 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð má mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólafstofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentis og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentisstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaþrófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentisstarf við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólafstofnanir.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentisstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið visindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa vara-deildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn visindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt. Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð. Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeil (deildar-ráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir. Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

16. gr.

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

IV. KAFLI

Kennsla og nemendur.

17. gr.

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera-skiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unír kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endanær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðru námi hérlandis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenskum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

25. gr.

Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. 1. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra, með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir.

26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hættu, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstíll er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að

stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tíma-mörk náms.

V. KAFLI

Próf.

27. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stent stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

28. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slíkt próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

29. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki vól á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.

30. gr.

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. KAFLI

Doktorar og meistarar.

31. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

32. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandiðatsprófi eða embættisprófi.

33. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóla-deildar.

Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

34. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

35. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandiðatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. KAFLI

Stofnanir háskólans og eigur hans.

36. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafraði lyfsala.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann fer eftir því, sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

VIII. KAFLI

Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

37. gr.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

38. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tók á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður, skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á bót fleiri sjúkra- deildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði.

Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal, manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

IX. KAFLI

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

39. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstílhögun í reglugerð.

X. KAFLI

40. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, uns ný ákvæði eru sett.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 21. ágúst 1979 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

I. KAFLI.

Hlutverk háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI.

Stjórn háskólans.

A. Almenn ákvæði um starfssvið rektors, háskólaráðs, háskólaritara og kennslustjóra.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritari og kennslustjóra. Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til þess að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað.

Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

B. Um rektorskjör.

3. gr.

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólaþróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað, og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdentna skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd

akvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

Nú hefur einhver þeirra, sem kosningarétt eiga, lögmæt forföll, og er honum þá heimilt að kjósa utan kjörfundar.

Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

4. gr.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 3. gr. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallist verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýs rektorskjörs.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

5. gr.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegnir rektorsstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Ef varaforseti er forfallaður, gegnir sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

6. gr.

Í janúarmánuði það ár, sem rektorskjör skal fram fara, skipar háskólaráð kjörstjórn, sem ákveða skal kjördag og annast undirbúning og framkvæmd rektorskjörs. Kjörstjórn skal skipuð sex mönnum, tveimur úr hópi stúdenta og fjórum úr hópi annarra atkvæðisbærra manna, og skal einn þeirra síðartöldu skipaður formaður kjörstjórnar. Háskólaráð ákveður þóknun kjörstjórnar. Heimilt er kjörstjórn að ráða sér aðstoðarmenn.

Kjörstjórn gerir kjörseðil og gengur frá kjörskrá. Skal kjörskrá lögð fram einum mánuði fyrir kjördag og liggja frammi í tíu daga. Kærur skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir kjördag, og skal úrskurður kjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, og hefst þá kosning utan kjörfundar.

Kjörseðlar skulu gerðir í tveimur litum. Skal annar liturinn vera fyrir stúdenta, en hinn liturinn fyrir aðra, sem atkvæðisrétt eiga.

Kjördagur skal auglýstur tryggilega, og skal kjörfundur standa frá kl. 9 árdagis til kl. 18 síðdegis. Talning atkvæða hefst þegar að kjörfundi loknum.

Heimilt er kjörstjórn að efna til prófkjörs eigi síðar en mánuði fyrir kjördag.

Ákvæði greinar þessarar eiga og við um rektorskjör, sem fram fer skv. ákvæðum 5. gr., eftir því sem við getur átt.

C. Háskólaráð, skipan þess, starfssvið og starfshættir.**7. gr.**

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum.

Deildarforseta er skylt að sækja fundi háskólaráðs.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 26. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 5. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefni, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess sem forfallaður er.

8. gr.

Deildarforseta er skylt að gera grein fyrir afstöðu deildar sinnar í málum, sem koma fyrir háskólaráð og deildin hefur fjallað um, en eigi er honum skylt að fara eftir samþykkt deildar, er hann neytir atkvæðisréttar í háskólaráði.

9. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Fundi skal boða bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef við verður komið. Dagskrá skal greind í fundarboði.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða atkvæði þess, er gegnir forsetastörfum.

Bókfæra skal gerðir háskólaráðs.

10. gr.

Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja á fyrir Alþingi og stjórnvöld. Það lætur þessum aðilum í té allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda og varða háskólann sérstaklega.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

11. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentna og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar.

Boða skal til fundar bréflaga með tveggja daga fyrirvara hið skemmsta, ef auðið er.

Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

D. Um starfslið við stjórnarsýslu háskólans.

12. gr.

Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðstoðarháskólaritara, byggingastjóra, deildarfulltrúa og annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum og að fengnum tillögum háskólaráðs. Leita skal álits háskóladeildar um ráðningu starfsliðs við stjórnun hennar.

13. gr.

Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur eftirlit með sjóðum hans. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi, starfsmannahaldi og skrifstofustjórn að öðru leyti.

14. gr.

Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnaði háskólans og búnað. Hann hefur umsjón með gerð kennsluskrár og með störfum deildarfulltrúa í samráði við deildarforseta.

15. gr.

Byggingastjóri hefur í umboði rektors umsjón með skipulagi lóða og bygginga, hönnun framkvæmda og gerð nýs húsnaðis. Hann útvegar leiguhúsnaði og sér um viðhald, breytingar og endurbætur á húsnaði háskólans og hefur umsjón með starfsemi húsvarða.

Aðstoðarháskólaritari fer í umboði háskólaritara með daglega stjórn á skrifstofu háskólans, hefur umsjón með skráningu stúdenta, prófum, innfærslu einkunna og afgreiðslu prófskrifteina. Hann annast bréfasamskipti við útlönd og önnur verkefni, eftir því sem henta þykir.

Háskólaráð setur starfsmönnum samkvæmt þessari grein erindisbréf svo og öðru starfsliði á skrifstofu háskólans.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 65. gr., en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra, sbr. og 64. gr.

16. gr.

Rektor skipuleggur útgáfu árbókar í samráði við starfslið stjórnarsýslu, deildarforseta og forstöðumenn stofnana, eftir því sem henta þykir. Heimilt er að ráða ritstjóra til að sjá um framkvæmd verksins eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Í árbók háskólans skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því, sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og málefni stúdenta.

III. KAFLI.

Háskólakennarar og háskóladeildir.

A. Deildir háskólans.

17. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeildar. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn.

Deildir háskólans og námsbrautir skulu veita kennslu í einstökum greinum í þágu annarra deilda og námsbrauta, eftir því sem við verður komið, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

B. Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.

18. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaraðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum, að fylgi slíkri stöðu. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 23. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn.

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda þeirra skuli skiptast, sbr. nánar 24. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

19. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

20. gr.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Heimilt er að kveðja erlenda menn til starfa í dómnefnd.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um skipun sérfræðinga við háskóla- stofnanir, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í reglugerðum einstakra stofnana. Vikja má þó frá þessari tilhögun við veitingu starfs samkvæmt tillögu hlutaðeigandi stofnunar og deildar, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentsstöðu. Deild eða námsbraut skal hafa frumkvæði um slíka stöðuhækkun. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess, að deild hans eða námsbraut eigi frumkvæði að stöðuhækkun honum til handa. Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektorsins til þess að gegna dósentsstarfinu. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna, og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan, og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gilda sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun lausra starfa. Dómnefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það, hvort af störfum lektorsins við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða, að hann sé hæfur til þess að gegna dósentsstarfinu. Að fengnu álitu deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðuneytisins um afgreiðslu málsins. Ekki er heimilt að flytja lektorinn í dósentsstarf, nema dómnefndin segi berum orðum, að hann sé til þess hæfur.

21. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma laungreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

22. gr.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til í fjárlögum.

23. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tók á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður samkvæmt háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstöðu lyflæknis- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á fót fleiri sjúkra- deildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal mannelisrannsóknir í samráði við mannelisráð. Prófessorinn í fæðingar- hjálp og kvensjúkdómum veitir forstöðu fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstöðu röntgendeild Landspítalans.

C. Kennsluskylda og lausn undan henni.

24. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

25. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar.

D. Háskóladeildir og störf þeirra.

26. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 7. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram í maímánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta háskólaárs.

Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

27. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum, en skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarforseti boðar fundi bréflega og með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Heimilt er deildarforseta að binda fundarmenn þagnarheiti um einstök mál.

Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

28. gr.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 18. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þeir fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er 12 eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja 6 til viðbótar. Stjórn deildarfélags tilkynnir deildarforseta val fulltrúa félagsins. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á þeim fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt.

Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

29. gr.

Hver deild og námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

Í kennsluskrá skal greina, hverjar námsgreinar séu kenndar í deild eða námsbraut, hvernig þeim sé skipt eftir kennslumisserum, hve námstíminn sé áætlaður langur í heild eða í hverjum prófhluta um sig, ef því er að skipta. Þá skal og greina námskeið og æfingar og reglur um þau. Enn fremur skal lýsa þar kennsluháttum, og

prófháttum, þar skal geta kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er, að stúdent kynni sér í námi sínu og greina almennt frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafn margir kennarar og nemendur eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar kjósa fulltrúa hvorir í sínu lagi í upphafi hvers kennsluárs. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja um-sagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Deildir og námsbrautir ákvarði nánar um fjölda námsnefnda og hlutverk þeirra.

IV. KAFLI.

Kennsla og nemendur.

A. Háskólaár, kennsluár, misseraskipting og kennsluhlé.

30. gr.

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

31. gr.

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 20. desember til 6. janúar og páska-leyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum. Byrjunar- og lokadagur hvors leyfis telst með. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga af sérstöku tilefni.

B. Kennsla.

32. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að gefa öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

Háskóladeildir og námsbrautir geta staðið fyrir framhaldsmenntun kandiðata og námskeiðum til endurmenntunar fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi í kennslugreinum deildar. Deildir og námsbrautir ákveða, hvernig slíkri kennslu er hagað.

33. gr.

Heimspækileg forspjallsvísindi skal kenna í öllum deildum og námsbrautum háskólans og einkunn vera veginn hluti af lokaeinkunn í samræmi við reglur hverrar deildar eða námsbrautar.

Kennarar í heimspeki við heimspékideild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn prófessorsins í heimspeki, sem gerir tillögur um námsefni og kennara til hverrar deildar og námsbrautar. Deild eða námsbraut ákveður hvort námsgreinin sé val-trjáls eða skyldugrein.

34. gr.

Nú metur deild eða námsbraut nám til eininga, og skal þá fullt nám í eitt kennsluár metið til sem næst 30 eininga (e). Sæki deildin eða námsbrautin kennslu til annarrar deildar eða námsbrautar, sem einnig metur nám til eininga, skal mat

síðari deildarinnar gilda fyrir hina fyrri. Meti síðari deildin nám ekki til eininga, skal fyrri deildin meta námið.

Sæki einstakir stúdentar námskeið í annarri deild eða námsbraut en sinni eigin, skal heimadeild hans meta námskeiðin til eininga.

35. gr.

Háskóladeildum og námsbrautum er heimilt, að höfðu samráði við námsnefndir, að setja reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun svo og reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta að öðru leyti.

C. Nemendur.

36. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi héraðslands með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

Raungreinaeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms með fyrrgreindum skilyrðum.

37. gr.

Skrásetning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert á tímabilinu 1.—15. júlí og frá 2. — 15. janúar. Háskólaritara er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófskírteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknareyðublöð og láti í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal skrásetningargjald fylgja umsókn.

Í september ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. l. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

38. gr.

Ár hvert skal háskólaráð, að fengnum tillögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands og stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, ákveða hversu hátt skrásetningargjald skuli vera og hvernig það skiptist milli stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta og stúdentaskiptasjóðs. Menntamálaráðherra staðfestir þessa ákvörðun.

39 gr.

Rektor er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn samkvæmt auglýsingu.

Um stúdenta í heilbrigðisgreinum mega deildir og námsbrautir setja sérákvæði um heilbrigðiseftirlit.

40. gr.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

41. gr.

Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. 1. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 40. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn í slíku máli stendur yfir.

42. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

V. KAFLI.

Próf.

43. gr.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli haldin fyrir luktum dyrum.

44. gr.

Almenn próf eru haldin 7.—23. janúar, 5.—31. maí og 1.—15. september. Hefjist kennsla fyrir 15. september samkvæmt 30. gr., skal prófum vera lokið fyrir þann

tíma. Próf í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum samkvæmt ákvörðun háskóladeildar, að höfðu samráði við kennslustjóra. Háskóladeild er heimilt að ákveða hvort hún nýti þrjú próftímabil eða tvö. Auglýsa skal próftöflu í kennsluskrá ef unnt er, en annars með mánaðar fyrirvara hið skemmsta.

45. gr.

Fyrir upphaf kennslutímabils skulu stúdentar láta skrá sig í þau námskeið, er þeir hyggjast sækja. Skrifstofa háskólans ákveður, hvenær innritun í námskeið fer fram og auglýsir skrásetningarfrést með hæfilegum fyrirvara. Innritun í námskeið gildir sem innritun í það próf, sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þó skal stúdent heimilt að segja sig úr prófi, sbr. 46. gr.

Þegar stúdent er fyrst skrásettur í námskeið eða próf, skal hann greiða prófgjald, er rennur í Háskólasjóð. Háskólaráð ákveður prófgjaldið ár hvert.

46. gr.

Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu háskólans eigi síðar en þremur dögum fyrir prófdag. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Stúdent er heimilt að endurtaka próf, sem hann hefur staðist, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um tímamörk. Nú byrjar stúdent prófið, og fellur þá fyrra próf í grein eða prófhluta úr gildi. Þar sem flokki greina er skipað saman í prófhluta, verður stúdent að taka upp próf í öllum greinum prófhlutans, ef hann vill ekki una fyrra prófi.

Nú óskar kandiðat að taka upp próf að nokkru eða öllu, og gilda þá einnig ákvæði 2. málsgreinar, þó svo að kandiðatsprófið haldi gildi sínu, ef kandiðat byrjar á prófi að nýju, en lýkur því ekki.

47. gr.

Skrifstofa háskólans annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við deildir og námsbrautir.

Studentum, sem í prófi eru, er óheimilt að aðstoða aðra prófmenn við prófúrlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau, sem deild þeirra leyfir. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða vísun frá prófi og eftir atvikum viðurlögum skv. 24. gr. háskólalaga.

Skriflegar prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum, ef deild eða námsbraut ákveður.

Nánari reglur um prófvörslu og framkvæmd prófa skal setja með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

48. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi

deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.

49. gr.

Prófandi og prófdómari ef því er að skipta, ráða í sameiningu úrlausnarefni í hverri prófgrein og dæma úrlausnir. Ber að prófa sem víðast úr því efni, sem til prófs er. Prófandi og prófdómari ef tilkallaður er, dæma hver um sig úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi þremur vikur eftir hvert próf.

50. gr.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra með tryggi-legum hætti.

51. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum, og er 9,0—10 ágætiseinkunn, 7,25—8,99 er fyrsta einkunn, 6,0—7,24 er önnur einkunn, og 5,0—5,99 er þriðja einkunn.

52. gr.

Stúdent telst ekki hafa staðist próf, nema hann hljóti einkunnina 5,0. Háskóla-deildum er þó heimilt í reglugerð að víkja frá þessu í einstökum prófum, sem teljast til prófhluta eða prófflokks með sérstaka lágmarkseinkunn.

Háskóladeildum er á sama hátt heimilt að áskilja hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök próf, prófhluta eða prófflokka.

Sérákvæði deildar um hærri lágmarkseinkunn en 5,0 í einstökum prófgreinum, prófhlutum eða prófflokkum skulu aðeins gilda fyrir nemendur hlutaðeigandi deildar.

53. gr.

Að loknu fullnaðarprófi skal kandið fá prófskírteini, sem deildarforseti eða formaður námsbrautarstjórnar undirritar.

Prófskírteini kandiðs í lyfjafræði lyfsala undirritar forstöðumaður þess deildarhluta.

54. gr.

Háskólaráði er heimilt, eftir tillögum háskóladeildar, að víkja lítilsháttar frá settum reglum um kennslu og próf.

55. gr.

Forseti háskóladeildar eða formaður námsbrautarstjórnar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis og að hverju leyti.

Sé um próf að ræða, sem tekið hefur verið við háskóla eða hliðstæða menntastofnun annars staðar á Norðurlöndum, fer um mat þess, svo sem við getur átt, eftir samnorrænum reglum um viðurkenningu hlutaprófa.

VI. KAFLI.

Doktorar og meistarar.

56. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annað hvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta allra atkvæðisbærna deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

57. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandidatsprófi eða em-bættisprófi.

58. gr.

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama megin rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

Rit það, er doktorsefni leggur fram eða yfirlitsritgerð, sé um fleiri ritgerðir en eina og ræða, mega hafa birst í lengsta lagi 2 árum áður en rit eru afhent háskólanum vegna doktorsprófs. Óheimilt er án leyfis deildar að breyta ritgerð, eftir að hún er afhent háskólanum.

Ritgerð má vera á erlendu máli, en áskilja má, að hún geymi rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

59. gr.

Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi rit-smíða þeirra, er fylgja umsókn doktorsefnis. Í dómnefnd er heimilt að skipa menn utan háskólans, þ. á m. erlenda menn. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu álitni til deildar. Nú er það einróma álit dómnefndar, að rit, sem umsækjandi hefur lagt fram, fullnægi ekki kröfum þeim, sem gera verður til doktorsritgerða, og skal deildin þá synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Endranær metur deildin það fyrir sitt leyti, að fengnu álitni dómnefndar, hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Nú telur deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar, og tilnefnir hún þá tvo and-mælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Umsækjandi skal þá láta prenta ritgerðina, hafi það ekki verið gert áður. Háskólinn á rétt á 100 eintökum ókeypis. Doktorsefni skal síðan verja ritgerðina í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður, en ritgerð eða ritgerðir skulu hafa birst opinberlega a. m. k. fjórum vikum áður en munnleg vörn fer fram.

Nú vill maður, sem ekki er tilnefndur andmælandi, taka til máls um verk doktorsefnis, og skal hann þá skýra deildarforseta frá því einum sólarhring áður en doktorsvörn fer fram. Þó getur deildarforseti leyft manni úr áheyrendahópi stutta athugasemd án slíks fyrirvara. Að lokinni munnlegri vörn og fyrirlestrahaldi, ef því er að skipta, ákveður deildarforseti ásamt andmælendum, hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur, skal skjóta málinu til deildarfundar.

60. gr.

Háskólaráð getur samkvæmt tillögum háskóladeildar ákveðið, að munnleg vörn við doktorspróf falli niður, ef sérstök ástæða þykir til, enda sé dómur dómnefndar lofsamlegur um rit doktorsefnis. Háskólaráð getur með sama skildaga leyst doktorsefni undan þeirri skyldu að birta ritgerð sína á prenti, en áskilja skal, að hann afhendi háskólanum nokkur eintök af ritgerð sinni eða ritgerðum, vélrituðum eða fjölrituðum, enda skal þá eitt eintak liggja frammi í háskólabókasafni einn mánuð hið skemmsta, áður en vörn fer fram. Þegar svo stendur á, sem í þessari grein segir, skal birta rökstutt álit dómnefndar í næstu árbók háskólans.

61. gr.

Að loknu doktorsprófi fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem háskóla- og deildarforseti undirrita. Nánari reglur um framkvæmd doktorsprófs skulu settar með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

62. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

63. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein að loknu embættis- eða kandidatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefnis og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf. Hver háskóladeild, sem ákveður að taka upp meistarapróf, ákvarðar nánar prófkröfur með samþykki háskólaráðs.

VII. KAFLI.

Stofnanir háskólans, eigur hans og fjármál.

64. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir, ræður forstjóra þeirra og setur þeim erindisbréf, nema öðruvísi sé mælt í reglum um þau.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um. Sama gægnir um úthlutun vísindalegra verðlauna.

65. gr.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavardar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

VIII. KAFLI.

Um rannsóknastofnanir.

66. gr.

Heimilt er að efna til rannsóknastofnana við einstakar deildir háskólans samkvæmt ákvörðun deilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir því sem fé verður veitt til þess. Skulu þær að jafnaði heyrja undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið rannsóknarstofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. Heimilt er að fela rannsóknarstofnun að annast kennslu innan fræðasviða hennar.

IX. KAFLI.

Guðfræðideild.

67. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

Vægi í kjarna:

1. Gamla testamentisfræði	23 e.
2. Nýja testamentisfræði	38 e.
3. Trúfræði og kirkjudeildafræði	14 e.
4. Félagsleg siðfræði	12 e.
5. Kirkjusaga og saga guðfræðinnar	14 e.
6. Almenn trúarbragðafræði	8 e.
7. Kennimannleg guðfræði	16 e.

Guðfræðideild tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

Heimilt er deildinni að setja reglur um samstarfshópa kennara til þess að velja viðfangsefni og skipuleggja námsvinnu í hinum ýmsu greinum.

68. gr.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum.

Námskeið skiptast í kjarna, frjálst nám og kjörsvið. Nám í kjarna jafngildir 125 e, í frjálsum námi 10 e og á kjörsviði 15 e.

Heimilt er, með leyfi deildarinnar, að stunda frjálst nám (10 e) í öðrum deildum háskólans.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinar. Skulu námskeið þau, er hann velur, jafngilda samtals 15 e hið minnsta. Stúdent skal semja stutta ritgerð úr efni kjörsviðs. Heimilt er stúdent, í samráði við kjörsviðskennara sinn, að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í Kennaraháskóla Íslands allt að 5 e, auk náms í guðfræðideild.

Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum, þótt þau falli ekki undir kennslugreinar þær, sem 67. gr. tilgreinir. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku á tilteknum kjörsviðum.

69. gr.

Heimilt er að meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi.

Próf eru skrifleg, en þó skal prófa munnlega í hebresku og grísku og verklega í prédikun og barnaspurningum. Á kjörsviði er prófað munnlega, en gefin einkunn fyrir ritgerð, er gildir að þriðja hluta á móti munnlega prófinu og þeim hlutaprófum, sem stúdentinn tekur hjá kjörsviðskennara og/eða samkvæmt heimild hans. Munnlega prófið gildir þó aldrei minna en þriðjung heildareinkunnar á kjörsviði.

70. gr.

Stúdent skal ljúka embættisprófi í guðfræði eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið samfleytt 8 ár skrásettur í guðfræðideild. Deildin getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í guðfræði, ber próftitilinn *candidatus theologiae* (cand. theol.).

71. gr.

Í guðfræðideild er heimilt að stunda B. A. nám í guðfræði. Hafi stúdent lokið minnst 60 námseiningum í guðfræði af þeim 90 e, sem krafist er til B. A. prófs, má brautskrá hann úr guðfræðideild.

Um fyrirkomulag B. A. námsins fer eftir námskrá, er deildin setur.

Stúdent skal ljúka B. A. prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í guðfræðideild samfleytt í 6 ár. Að öðru leyti gilda hér ákvæði 1. mgr. 70. gr.

X. KAFLI.

Læknadeild.

A. Læknisfræði.

72. gr.

Stjórn læknadeildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfundur skal halda minnst tvisvar á ári, einn á hvoru kennslumisseri, eða oftast ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Tillögur og greinargerðir varðandi breytingar á kennslugreinum eða prófum skal senda með fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta 3 prófessorar, 2 dósentar og 2 lækna-nemar. Kjör prófessoranna og dósentanna fer fram á deildarfundi í maí samtímis kosningu deildarforseta og gildir til tveggja ára frá upphafi næsta háskólaárs. Félag læknanema kys 2 fulltrúa í ráðið til eins árs í senn, og taka þeir þá strax til starfa. Enginn má sitja lengur samfleytt í ráðinu en 4 ár. Velja skal fulltrúa kennara í deildarráð þannig, að þeir kenni á sem flestum stigum námsins.

Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Varaforseti deildarinnar má sitja fundi ráðsins og hefur þar tillögurétt. Sama gildir um formann kennslunefndar og kennslustjóra. Deildarforseti boðar til funda með dagskrá. Fundur er því aðeins lögmatgur, að minnst 5 af 8 atkvæðisbærum deildarráðsmönnum sitji fundinn. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Færa skal nákvæma gerðabók um fundi ráðsins. Fundargerð skal lesa upp og staðfesta með undirskriftum í lok fundar. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna óskar þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Stúdentar, sem sæti eiga á deildarfundum og í deildarráði, hafa ekki atkvæðisrétt, þegar fjallað er um erindi frá heilbrigðisstjórninni.

73. gr.

Í kennslunefnd eiga sæti auk deildarforseta 6 fulltrúar kennara og 3 lækna-nemar. Á deildarfundum í maí skal kjósa fulltrúa kennara til tveggja ára í senn, að fengnum tillögum kennara á hverju hinna sex kennsluára. Taka þeir til starfa við upphaf næsta háskólaárs. Fulltrúar stúdenta eru tilnefndir af Félagi læknanema til eins árs í senn, og taka þeir þá strax til starfa. Nefndin velur sér á fyrsta fundi formann til eins árs úr hópi hinna sex kjörnu kennara og annan til vara. Fundur í nefndinni er lögmatgur, ef minnst 6 fulltrúar sitja hann.

Læknadeild má ráða kennslustjóra til tveggja ára í senn gegn sérstakri þóknun. Kennslustjóri situr fundi kennslunefndar með fullum réttindum.

Kennslunefnd og kennslustjóri fylgjast með þróun læknakennslu hérlendis og erlendis og hafa gildandi kennsluskipan stöðugt í athugun, gera í samráði við kennara tillögur um námsefni og magn þess, kennslutíma og fyrirkomulag prófa, annast samræmingu kennslu og prófa, sjá um samningu og útgáfu kennsluskrár, veita kennurum og stúdentum leiðbeiningar og sinna öðrum verkefnum, sem deildarfundur, deildarráð eða deildarforseti kunna að fela þeim.

Kennsluskrá ásamt próftöflu skal gefa út eigi síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf kennsluárs. Sé nauðsynlegt að breyta kennsluskrá, skal það gert með samþykki kennslunefndar og að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi kennsla hefst.

74. gr.

Læknadeild ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra.

Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð, að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar, áður en hann gengur undir próf. Kennslu skal haga þannig, að unnt sé að ljúka námi á 6 árum, en heildarnámstími má ekki vera lengri en 8 ár. Undanþágur má veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmetra að dómi deildar.

Stúdentar, sem eru í verklegu námi á sjúkradeildum eða rannsóknarstofum, skulu sitja fræðslufundi þeirra.

75. gr.

Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.

Janúarpróf fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa öllum janúarprófum þess árs með gildandi lágmarkseinkunn í hverri grein.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum læknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs

prófa. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári, þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til skrifstofu háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: Ágætt, gott, sæmilegt, slæmt. Sá, sem fær einkunnina slæmt, telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaeinkunnar. Heimilt er þó með samþykki kennslunefndar að gefa verklega einkunn í tölum og reikna hana sem ákveðinn hluta af lokaeinkunn í hlutaðeigandi grein.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði, ber próftítilinn *candidatus medicinae et chirurgiae* (cand.med. & chr.).

B. Lyfjafræði lyfsala.

76. gr.

Um dagleg málefni lyfjafræði lyfsala fjallar þriggja manna stjórnarnefnd í umboði læknadeildar. Prófessorinn í lyfjafræði lyfsala skal vera formaður nefndarinnar. Auk hans sitja í nefndinni einn fulltrúi kjörinn af læknadeild og einn fulltrúi stúdenta, kjörinn af almennum fundi í Félagi lyfjafræðinema. Kjörtími er eitt ár. Er föstum kennurum í lyfjafræði lyfsala fjölgar, fellur niður kjör fulltrúa læknadeildar.

Stjórnarnefndin gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun deildarhlutans, fjallar um umsóknir um fastar kennarastöður og ræður stundakennara. Hún ber ábyrgð á daglegri stjórn námsins, semur kennsluskrá í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans.

77. gr.

Kennslugreinar (skrifleg próf):

Vægi:

Almenn efnafræði I og efnagreining I, verklegur hluti innifalinn	6
Lyfjagerðarfræði	18
Lífræn og líffræðileg efnafræði, verklegur hluti innifalinn	6
Sérhæfð lyfjafræði	6
Lífræn efnafræði, verklegur hluti innifalinn	12
Lyflýsingafræði	6
Grasafræði	6
Stærðfræði	3
Tölfræði og gagnafræði	3
Eðlisfræði	0
Lyfjalöggjöf, verðlagning lyfja og latína	6
Lyfjaefnafræði	12
Rekstrarfræði lyfjabúða	6
Lífefnafræði, verklegur hluti innifalinn	12
Efnagreiningartækni, verklegur hluti innifalinn	6

Kennslugreinar (verkleg próf):

Galensk lyfjagerð	18
Plöntugreining	0
Lyfjagreiningartækni	6

Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, skiptingu á misseri, og um vægi þeirra.

78. gr.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdentar, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Háskólaráð getur þó eftir rökstuddum tillögum stjórnarnefndarinnar takmarkað fjölda stúdentar, sem veittur er aðgangur að náminu hverju sinni.

Kennslu skal haga þannig, að ljúka megi námi á þremur árum. Ekki er þó skylt að halda uppi kennslu á 3.námsári, nema þrír stúdentar hið fæsta skrái sig til náms.

Áður en stúdent gengur undir próf í lok 2. kennslumisseris, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga. Þá er stúdent segir sig til annarra prófa, skal hann hafa staðist próf í lok 2. misseris og öll undangengin próf.

Við einkunnagjöf skal stuðst við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst á námstímanum. Einkunn í galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við skýrslur stúdentar á námstímanum og að hálfu við frammistöðu á prófi. Lágmarkseinkunn er 6,0 í galenskri lyfjagerð og lyfjagreiningartækni.

Aðstoðarlyfjafraeðingsprófi skal lokið eigi síðar en 5 árum eftir að stúdent er skrásettur í lyfjafraeðinámið. Undanþágu má veita frá þessum tímamörkum vegna veikinda eða annarra svipaðra vítaleysisástæðna.

79. gr.

Um verklegt nám utan háskólans að loknu námi þar fer eftir reglum og samningi milli Háskóla Íslands, Apótekarafélags Íslands og Lyfjafraeðingafélags Íslands. Sá, sem lokið hefur verklegu námi samkvæmt ofansögðu, getur sótt um leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafraeðing eða aðstoðarlyfjafraeðing, enda fullnægi hann, eftir því sem við á, kröfum 3. gr. eða 4. gr. laga um lyfjafraeðinga nr. 35/1978.

C. Námsbraut í hjúkrunarfræði.**80. gr.**

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar lækna-deildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Enn fremur eiga þar sæti fulltrúar stúdentar, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdentar á deildarfundum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrar-kostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

81. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrjú kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

82. gr.

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám, er lýkur með B. S. prófi. Stúdent skal hafa lokið prófum 1. og 2. árs á þremur árum hið mesta, en hámarksnámstími er 6 ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, er sérstaklega stendur á.

Við námsbrautina skal kenna almenna hjúkrunarfræði og sérgreinar hjúkrunar. Þessar námsgreinar má sækja utan námsbrautarinnar: Efnafræði, félagsfræði, líffærafræði, sýkla- og ónæmisfræði, sálarfræði, lífefnafræði, lífeðlisfræði, lyfjafræði og meinafræði. Sé kennslan utan námsbrautarinnar ekki við hæfi stúdenta í hjúkrunarfræði, skal efna til sérstakra námskeiða eftir því sem kostur er á.

Námsbrautarstjórn tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

D. Námsbraut í sjúkraþjálfun.

83. gr.

Kennsla og rannsóknir í sjúkraþjálfun fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Ennfremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjalla sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

84. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrjú kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með

prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

85. gr.

Sjúkraþjálfun er fjögurra ára nám, er lýkur með B. S. prófi. Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs áður en hann hefur nám á næsta ári. Hámarksnámstími er 5 ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá báðum þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Við námsbrautina skal kenna sjúkraþjálfunarfræði. Þessar námsgreinar má sækja utan námsbrautarinnar: Líffærafræði, eðlisfræði, lífeðlisfræði, sálarfræði, meinafræði, sjúkdómafræði, félagsfræði, tölfræði og stjórnun. Sé kennslan utan námsbrautarinnar ekki við hæfi stúdenta í sjúkraþjálfun, skal efna til sérstakra námsskeiða eftir því sem kostur er á.

Námsbrautarstjórn tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

86. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega rökstudda tillögu til háskólaráðs um, hve mörgum nýjum stúdentum námsbrautin veiti viðtöku. Ákvörðun háskólaráðs um innritunartakmarkanir, ef þörf krefur, skal liggja fyrir við upphaf skrásetningarfrests. Tillaga námsbrautarstjórnar skal byggð á þeirri aðstöðu sem námsbrautinni er búin. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka aðgang, skulu eldri stúdentar, sem eigi hafa lokið prófum 1. árs, sækja um námsvist á 1. ári að nýju, og verður fjallað um umsóknir þeirra á sama hátt og nýrra stúdenta.

XI. KAFLI.

Lagadeild.

87. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

A. Skyldugreinar:

1. Almenn lögfræði og ágríp af réttarsögu.
2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágríp af þjóðarétti.
4. Fjármunaréttur.
5. Refsiréttur.
6. Réttarfar.
7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

B. Bundnar kjörgreinar:

- Afbrotufræði.
- Alþjóðlegur einkamálaréttur.
- Félagaréttur.
- Hagfræði.
- Opinber stjórnsýsla.
- Réttarsaga.
- Sjóréttur.
- Skattaréttur.
- Vátryggingaréttur.
- Þjóðaréttur.

C. Sérstakar kjörgreinar.

88. gr.

Námi til embættisprófs í lögfræði skal skipta í þrjá hluta.

I. Kennslugreinar í fyrsta hluta eru þessar:

1. Almenn lögfræði og ágríp af réttarsögu.
2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfararséttur og ágríp af þjóðarétti.
4. Fjármunaréttur.

Kennslu í almennri lögfræði og ágripi af réttarsögu skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í lok 1. námsárs. Stúdent skal hafa lokið prófinu, áður en hann byrjar í lokaprófum 1. hluta. Í greininni skal vera eitt skriflegt próf, og þarf einkunnina 7,0 til að standast það. Einkunn í almennri lögfræði skal ekki talin til 1. hluta prófs, en hins vegar til embættisprófs.

Kennslu í öðrum greinum 1. hluta skal haga þannig, að prófum í þeim verði lokið í lok 2. námsárs. Í kennslugreinum 2 og 3 skulu vera tvö skrifleg próf í hvorri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þreytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í fjármunarétti skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili og einkunnir tvær.

Halda skal áfangapróf í greinum 2 og 3 miðuð við námsefni fyrsta árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Ganga má undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að stúdent á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdenta, sem nú eru skráðir til 1. hluta náms, án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6,5 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, er honum óheimilt að þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 1. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að þreyta prófið.

Lokapróf í 1. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist og ekki óskað að endurtaka.

Stúdent skal hafa lokið 1. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 2. hluta.

II. Kennslugreinar í öðrum hluta eru þessar:

4. Fjármunaréttur.
5. Refsiréttur.
6. Réttarfar.
7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

Kennslu í 2. hluta skal haga þannig, að náminu megi ljúka á tveimur árum. Í kennslugreinum 4, 5 og 6 skulu vera tvö skrifleg próf í hverri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þreytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í grein 7 skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili, og skal ein einkunn gefin fyrir hvort próf. Í prófum þessum skal reyna á sem flesta þætti í prófgreinum 1. og 2. hluta.

Halda skal áfangapróf í greinum 4, 5 og 6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Stúdent má ganga undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að hann á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdenta, sem nú eru skráðir til náms í 2. hluta án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr

getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, má hann ekki þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

Lokapróf í 2. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist og ekki óskað endurtekningar á.

Stúdent skal hafa lokið 2. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 3. hluta.

III. Kennsla í þriðja hluta.

Fyrir 15. apríl skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja einn af kennurum deildarinnar umsjónarkennara sinn. Skal valið háð samþykki kennarans og deildarforseta. Í samráði við umsjónarkennara sinn gerir stúdent áætlun um nám sitt í 3. hluta, og skal námsáætlun lögð fram eigi síðar en 15. apríl það ár, sem stúdent hyggst ljúka prófum 2. hluta. Í námsáætlun skal m. a. tiltaka þá grein, er stúdent hyggst stunda framhaldsnám í og hvort hann stefni að ritgerð eða prófi í greininni. Ágreiningi um námsáætlun má skjóta til lagadeildar.

Fyrir 15. apríl skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja tvær kjörgreinar. Skal hann ljúka munnlegum prófum í þeim báðum. Þó getur lagadeild heimilað skrifleg próf í einstökum greinum eða þáttum þeirra, ef ástæða þykir til. Gefin skal sérstök einkunn fyrir hvort próf, en meðaltal þeirra reiknast sem ein einkunn á embættisprófi. Að öðru leyti skal nám í 3. hluta að jafnaði vera á einu sviði og miða að framhaldsnámi í grein, sem stúdentinn hefur áður lagt stund á í lagadeild, þ. e. greinum 1—6 eða bundinni kjörgrein. Fyrir námsáætlun skal gefa tvær einkunnir, fyrir próf og/eða ritgerð eftir ákvörðun í námsáætlun. Ef einvörðungu er tekið próf, skal annað vera skriflegt, en hitt munnlegt. Heimilt er að prófa nemanda munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

Lagadeild getur leyft, að námi í 3. hluta verði hagað með öðrum hætti en greint var, bæði þannig að sérstakar kjörgreinar verði viðfangsefni stúdents í deildinni, svo og að nám í öðrum háskóladeildum komi í stað náms í lagadeild og próf þar í stað prófa í lagadeild, allt eftir því, sem nánar verður ákveðið í hvert sinn.

Nám í 3. hluta skal stundað undir umsjón kennara og kennslu haldið uppi eftir því sem hagkvæmt og unnt er. Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í bundinni kjörgrein, getur lagadeild ákveðið fyrir eitt ár í senn, að hún skulu ekki kennd.

Að öðru leyti setur lagadeild nánari reglur um nám í 3. hluta.

89. gr.

Kennslu í lagadeild skal haga þannig, að stefnt sé að því, að embættisprófi sé lokið eftir 5 ára nám.

Stúdent skal ljúka prófi í almennri lögfræði ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 2 ár í deildinni. Hann skal ljúka 1. hluta prófi ekki síður en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 3 ár í deildinni og 2. hluta prófi, þegar hann hefur verið samfleytt 6 ár í deildinni. Hann skal ljúka embættisprófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 8 ár í deildinni. Lagadeild getur veitt undanþágur frá þessum ákvæðum um tíma-mörk, ef veikindi eða svipaðar vítaleysisástæður koma til.

Próf í almennri lögfræði, áfangapróf og lokapróf í 1., 2. og 3. hluta skal halda í maí og september.

Auk þeirra lágmarkseinkunna, sem áskildar eru í 88. gr., þarf stúdent að hljóta einkunnina 6.5 að meðaltali í 1. hluta og einkunnina 6.0 að meðaltali í 2. og 3. hluta til þess að standast próf í hverjum hluta fyrir sig.

Embættispróf er fólgið í prófi í almennri lögfræði, prófum í öðrum greinum 1. hluta og greinum 2. og 3. hluta. Stúdent er ekki heimilt að ljúka embættisprófi fyrir en í maímánuði hinum næsta, eftir að hann lauk 2. hluta prófi. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi, ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.).

Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandiðata eftir því sem aðstæður leyfa. Lagadeild ákveður, hvernig kennslu fyrir kandiðata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t. d. um próf. Lagadeild setur nánari reglur um vottorð þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Stúdentar skráðir í lagadeild á árinu 1975 og fyrr skulu þreyta munnlegt og skriflegt lokapróf í kennslugreinum, sem þeir hafa eigi lokið áfangaprófum í. Þessi tilhögun gildir til haustprófa 1980.
- II. Stúdentum í 2. hluta, sem ekki hafa þreytt áfangapróf, en reynt hafa við loka-próf og ekki staðist það eða gengið frá því, er heimilt að þreyta áfangapróf samkvæmt 88. og 89. gr.

XII. KAFLI.

Viðskiptadeild.

90. gr.

Kennslugreinar eru þessar: Prófgreinar í fyrri hluta, sbr. 91. gr., prófgreinar í fyrirtækjakjarna, þjóðhagskjarna og endurskoðunarkjörsviði, sbr. 92. og 94. gr., og kjörgreinar samkvæmt ákvörðun deildarinnar.

91. gr.

Prófgreinar í fyrri hluta eru þessar:

	Vægi:
1. Fornámskeið í stærðfræði	0 e
2. Bókfærsla	3 e.
3. Reikningshald I	3 e.
4. Reikningshald II	3 e.
5. Reikningshald III	3 e.
6. Stærðfræði I	3 e.
7. Stærðfræði II	3 e.
8. Tölfræði	6 e.
9. Rafreiknar I	3 e.
10. Íslensk haglýsing	6 e.
11. Aðferðafræði	3 e.
12. Lögfræði	6 e.
13. Almenn þjóðhagfræði	6 e.
14. Almenn rekstrarhagfræði	6 e.
15. Skattaréttur, skattskil	3 e.
16. Félagsfræði	3 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefnið árlega og við það miðað, að unnt sé að ljúka prófi í hlutanum á tveimur árum.

Próf í bókfærslu skal taka, áður en gengið er undir próf í reikningshaldi. Próf í fornámskeiði í stærðfræði, í stærðfræði I og stærðfræði II skal taka í þessari röð. Heimilt er stúdent að ganga undir áðurtalin próf á sama próftímabili eftir því sem við á, en próf aftar í röðinni öðlast ekki gildi, ef stúdent stenst ekki próf, sem frammar er í röðinni.

Lágmarkseinkunn í prófgreinum nr. 2, 13 og 14 er 6.5.

92. gr.

Til síðari hluta prófs teljast kjarni, kjörsvið, frjálsar kjörgreinar og ritgerð. Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið 9 einingar, frjálsar kjörgreinar 12 einingar og ritgerð 9 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, fyrirtækjakjarna og þjóðhagskjarna.

Prófgreinar í fyrirtækjakjarna eru þessar:	Vægi:
17. Stjórnun I	3 e.
18. Stjórnun II	5 e.
19. Fjármál fyrirtækja I	3 e.
20. Fjármál fyrirtækja II	5 e.
21. Sala I	3 e.
22. Sala II	5 e.
23. Framleiðsla I	3 e.
24. Framleiðsla II	3 e.

Prófgreinar í þjóðhagskjarna eru þessar:	Vægi:
17. Stjórnun I	3 e.
19. Fjármál fyrirtækja I	3 e.
23. Framleiðsla I	3 e.
25. Þjóðhagfræði II	6 e.
26. Þjóðhagfræði III	6 e.
27. Opinber stjórnsýsla	3 e.
28. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur	3 e.
29. Hagrannsóknir	3 e.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarna-greinum árlega, en námsefni í öðrum greinum að minnsta kosti annað hvort ár.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann hefur nám í síðari hluta.

93. gr.

Viðskiptadeild setur reglur um niðurröðun kjörgreina í kjörsvið og mat þeirra til námseininga. Sérstakar reglur gilda um endurskoðunarkjörsvið, sbr. 94. gr.

Stúdent velur frjálsar kjörgreinar, er hvorki teljast til kjarna né kjörsviðs hans. Heimilt er honum einnig að áskildu samþykki deildarinnar að velja frjálsar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal vera úr sviði kjarna eða kjörsviðs og valið í samráði við a. m. k. einn fastráðinn kennara deildarinnar fyrir lok kennslu á fyrsta ári síðari hluta. Deildin setur nánari reglur um samningu ritgerða og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

94. gr.

Viðskiptadeild skal standa fyrir sérstöku endurskoðunarkjörsviði í framhaldi af fyrirtækjakjarna.

Prófgreinar eru þessar:	Vægi:
30. Reikningshald IV	6 e.
31. Endurskoðun I	3 e.
32. Endurskoðun II	3 e.
33. Skattaréttur og skattskil II	3 e.
34. Fjármuna- og félagaréttur	3 e.
35. Ein frjáls kjörgrein	3 e.

Stúdent, sem velur þetta kjörsvið, skal þreyta próf í öllum ofantöldum greinum. Kemur þetta kjörsviðsnám í stað kjörsviðs og frjálsra kjörgreina hjá þeim stúdentum, er velja önnur kjörsvið. Ákvæði 93. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

95. gr.

Heimilt er deildinni að meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Skal um þetta jafnan haft samráð við kennara í hlutaðeigandi grein. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar jafngilda samningu ritgerða eða þátttöku í æfingum.

Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað.

Falli stúdent úr deildinni fær hann viðurkennd próf í bókfærslu, almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði, enda hafi hann náð lágmarkseinkunn í þessum greinum og endurinnritast eigi síðar en á næsta háskólaári.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í viðskiptadeild í 3 ár samfleytt, og síðari hluta prófi eigi síðar en 6 árum eftir skrásetningu. Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindum eða svipuðum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

XIII. KAFLI.

Heimspékideild.

96. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfundu, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfundur skal halda minnst tvisvar á ári, í maí og nóvember, og annars ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Deildarráð er skipað 9 mönnum, deildarforseta, 6 fastráðnum kennurum kjörnum á deildarfundu til eins árs í senn og 2 fulltrúum stúdenta kjörnum af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörrið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs. Varaforseta deildarinnar er heimil seta á fundum ráðsins, og hefur hann þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Við kjör í deildarráð skal þess gætt, að einstakar kennslugreinar fái fulltrúa sem næst í hlutfalli við fjölda fastra kennara í grein, en þær greinar, sem í eru færri fastir kennarar en svo, að þær eigi fulltrúa í deildarráði á hverju ári, fái fulltrúa til skiptis. Sé fjallað sérstaklega um kennslugreinar, sem eigi er fulltrúi fyrir í

deildarráði, skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund til þess að ræða um það mál, en atkvæðisrétt á fulltrúinn ekki.

Deildarráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu, en ella þegar þörf krefur. Fundi skal boða bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

97. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

- a) Til B. A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.
- b) Til cand.mag. prófs: Danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.
- c) Til bacc.philol.Isl. prófs: Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Deildin tekur nánari ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra í námseiningum, í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði ætíð vera skylduþættir í tungumálum.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverri kennslugrein, getur deildin ákveðið, að hún skuli ekki kennd. Stúlentar, sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein, eiga rétt á að ljúka 30 e í greininni.

Við gerð kennsluskrár skal við það miðað, að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri en 12 kennslustundir á viku, þegar frá eru taldir æfingatímar, sem krefjast ekki undirbúnings.

98. gr.

Kennslu til B. A. prófs skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til cand.mag. prófs þannig, að stúdent geti lokið námi á tveimur árum að loknu B. A. prófi. Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal haga þannig, að ljúka megi námi á tveimur árum.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Tilhögun námsmats fer eftir samkomulagi kennara og nemenda og skal það liggja fyrir, áður en mánuður er liðinn af kennslu. Náist ekki samkomulag skal málinu vísað til námsnefndar og þaðan til deildarráðs ef þörf krefur.

99. gr.

Nám skal vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e.

Til B. A. prófs er krafist 90 e að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 e), en til cand.mag. prófs er krafist B. A. prófs að viðbættum 60 e. Námskeið skal að jafnaði vera 5 e eða margfeldi af 5 e. Þá má deildarráð veita undanþágu frá þessu.

I. B. A. próf.

Til B. A. prófs velur stúdent sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim, sem upp eru taldar í 97. gr. 1. mgr. a-lið, og tekur í henni minnst 60 e. Stúdent skal einnig velja sér aukagrein úr þessum greinum, og ber að taka í henni minnst 30 e. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarrar deildar. Ákveða má, að hluti aðalgreinar eða aukagreinar séu valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent í samráði við greinarkennara að sækja námskeið til annarra deilda Minnst 5 e skulu felast í samningu lokaritgerðar, en deildin má þó veita undanþágu frá þeirri reglu.

II. Cand.mag. próf.

Að loknu B. A. prófi má stúdent ganga undir cand.mag. próf í einhverri þeirra greina, sem taldar eru upp í 97. gr. 1. mgr. b-lið, enda hafi hann lokið minnst 60 e í sömu grein til B. A. prófs. Deildinni er þó heimilt að fallast á, að B. A. próf með 60 e í kennslugrein, sem náskyld er hlutaðeigandi cand.mag. grein, ásamt 30 e í cand. mag. greininni, veiti aðgang að cand. mag. námi.

Aðgang að cand. mag. námi í íslenskum bókmenntum eiga þeir, sem lokið hafa B. A. prófi í íslensku sem aðalgrein eða í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að cand. mag. námi í íslenskri málfræði veitir B. A. próf í íslensku sem aðalgrein eða í almennum málvísindum sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein.

Heimilt er að velja námskeið allt að 15 e úr öðrum skyldum greinum í samráði við greinarkennara. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara sína, og skal ritgerðin vega minnst 15 e. Heimilt er, að ritgerð samin innan 8 daga tímamarka komi í stað prófs í lok námskeiðs.

III. Bacc.philol.Isl. próf.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta er krafist minnst 60 e. Heimilt er með samþykki hlutaðeigandi kennara, að ritgerð samin innan 8 daga tímamarka komi í stað prófs. Deildinni er heimilt að veita stúdent undanþágu frá einstökum námskeiðum, ef sérstaklega stendur á. Deildin velur fjóra menn úr hópi kennara í íslensku til þess að standa fyrir prófum ásamt kennurum í bacc.philol.Isl. náminu.

XIV. KAFLI.**Verkfræði- og raunvísindadeild.**

100. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor og skal hann vera formaður skorar, tveir fulltrúar kennara, sem sitja skorarfundi, en eru ekki kjörgengir til skorarformennsku, kjörnir úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjórið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréfllega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skytt er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

101. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, byggingarverkfræðiskor, véla- og skipaverkfræðiskor, rafmagnsverkfræðiskor, líffræðiskor og jarðfræðiskor.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora, og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnta og stundakennara. Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessors-embætti, dósent- eða lektorssstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á skorarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Á skorarfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúntar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skytt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréfllega með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir

skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er deildinni að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjaast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

102. gr.

Verkfræði- og raunvísindadeild veitir kennslu í verkfræði og raunvísindum sem hér segir:

1. Til fullnaðarprófa í verkfræði: Byggingarverkfræði, vélaverkfræði, skipaverkfræði og rafmagnsverkfræði; enn fremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 4 ár, og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.
2. Til B. S. prófa í raungreinum: Stærðfræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafraði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði; enn fremur í öðrum greinum eftir því sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 3 ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.
3. Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkfræði. Skipan námsins miðast við, að það taki 2 ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.
4. Deildin getur skipulagt framhaldsnám í kennslugreinum sínum fyrir þá, sem lokið hafa prófi við deildina samkvæmt 1. eða 2. lið hér að ofan, eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og um skiptingu þeirra á námsáfangi.

Skorir gera í kennsluskra grein fyrir námskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

103. gr.

Verkfræði- og raunvísindadeild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinarflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskra, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða, að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

104. gr.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars námsárs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal enn fremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar er hér segir:

4 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 45 e, eftir 3. ár 70 e, eftir 4. ár 95 e og eftir 5. ár 120 e.

3 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 45 e, eftir 3. ár 70 e og eftir 4. ár 90 e.

2 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 40 e og eftir 3. ár 60 e.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og náms-
hraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á, að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í verkfræði- og raunvísinda-
deild.

Til þess að standast B. S.-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5.5 í hverjum prófflokki (þ. e. tveimur misseris-
prófum sama kennsluárs).
3. Í verkfræði eigi lægri aðaleinkunn en 6.0.

105. gr.

Stúdent, sem hlýtur ekki tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á 2. hausti. Hið sama á við um stúdent, sem hefur sagt sig úr prófi, en fullnægir próftökuskilyrðum. Við endur-
tekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skor ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum. Skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris og við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hlut-
einkunn sýnd hver um sig.

XV. KAFLI. Tannlæknadeild.

106. gr.

Til kennslu í tannlæknisfræði heyra þær greinar, er varða fræðasvið hennar á hverjum tíma. Til fræðasviðs tannlæknisfræðinnar telst allt, sem tengist gerð og starfsemi tyggingarfæra mannslíkamans.

107. gr.

Stjórn tannlæknadeildar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildar-
forseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í þeim málum, sem hann tekur til afgreiðslu. Hann kys deildarráð, gerir tillögur um embætti og veitingu þeirra, ákvarðar breyt-
ingar á kennsluskrá, námsreglum og vægi námsgreina.

Deildarráð er kosið til tveggja ára í senn, samtímis kjöri deildarforseta. Í því eiga sæti auk deildarforseta og varaforseta, tveir fastráðnir kennarar í heilu starfi og einn tannlæknanemi tilnefndur til árs í senn af félagi þeirra. Deildarráð ræður málum tannlæknadeildar öðrum en þeim, er deildarfundur kys að ráða hverju sinni auk þeirra mála, sem honum einum eru falin. Skjóta má máli til deildar-

fundar, ef deildarforseti eða minnst tveir deildarráðsmenn æskja þess. Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá, sem einnig er send þeim, er sæti eiga á deildarfundum. Fundur er því aðeins lögmætur, að minnst þrír deildarráðsmenn sitji fundinn. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Deildarforseti lætur færa fundargerðabók deildarráðs. Afrit fundargerða skal senda þeim, er sæti eiga á deildarfundum.

Kennslunefnd er skipuð tveimur kennurum, er deildarfundur kýs til tveggja ára í senn og tveimur tannlæknanemum, tilnefndum af félagi þeirra til sama tíma. Deildarfundur ákveður formann nefndarinnar. Kennslunefnd annast endurskoðun kennslutilhögunar, samræmingu námsefnis, kennslu og prófa í samráði við nemendur og kennara deildarinnar og gerir tillögur til deildarfundar um þessi efni. Ár hvert semur nefndin kennsluskrá og leggur hana fyrir deildarfund, en kennsluskrá skal koma út eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennslustjóra er deildinni heimilt að ráða til árs í senn eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi. Skal hann vinna að tilteknum verkefnum á sviði tannlæknakennslu.

108. gr.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófa. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin. Séu tveir eða fleiri með sömu einkunn á 1. árs prófi og gera þarf upp á milli þeirra um rétt til frekara náms, skal hlutkesti ráða. Stúdent hefur staðist hinn fræðilega hluta 1. árs prófa hljóti hann meðaleinkunnina 5.0.

Stúdentar, sem öðlast ekki rétt til þess að halda áfram námi, mega endurtaka öll prófin næsta ár eða láta fyrri próf gilda og keppa þá við nýja stúdenta á jafnréttisgrundvelli.

109. gr.

Sjúkrapróf í samkeppnisprófgrein skal halda, ef þörf krefur, eigi síðar en að fjórum vikum liðnum frá samkeppnisprófi en fyrr, ef kostur er.

Trúnaðarlækni er tannlæknadeild heimilt að hafa. Á degi samkeppnisprófs gengur hann, ásamt deildarforseta, úr skugga um lögmæti forfalla.

Verklegt nám og æfingar er heimilt að meta sem þátt af prófi, eftir nánari ákvörðun deildarfundar. Fyrir upphaf kennsluárs skal tilkynna blut hvers þáttar í heildar-einkunn námsgreinar.

Kandidatsprófi skal stúdent ljúka eigi síðar en sex árum frá því hann hefur nám á öðru námsári. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindi eða aðrar gildir ástæður koma til.

Prófttililinn candidatus odontologiae (cand. odont.) ber sá, er lokið hefur kandidatsprófi frá tannlæknadeild.

XVI. KAFLI.

Félagsvísindadeild.

110. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

- a) Aðalgreinar til B. A. prófs: Bókasafnsfræði, félagsfræði, mannfæði, sálarfræði, stjórn málafræði, uppeldisfræði.

- b) Aukagreinar til B. A. prófs: Greinar, sem tilgreindar eru sem aðalgreinar í a-lið auk annarra greina félagsvísinda samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.
- c) Uppeldis- og kennslufræði.

111. gr.

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B. A. prófs er krafist minnst 90 e, og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á 30 eininga viðbótarnámi í aðalgrein eða aukagrein að loknu B. A. prófi.

Deildin tekur, að fengnum tillögum frá námsnefndum, greinarkennurum og stúdendum, ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og aukagrein, enn fremur um skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga svo og hver þeirra séu skyldunámskeið í aðalgrein og aukagrein. Námskeið skal að jafnaði eigi vera minna en 3 e. Heimilt er, að sama námskeið sé hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, en eigi má reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

Við gerð námsskrár skal stefnt að því, þegar því verður við komið, að stúdent þurfi ekki að velja aðalgrein sína á fyrstu tveimur misserum námsins.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagrein til annarra deilda eða námsbrauta að fengnu samþykki félagsvísindadeildar og þeirrar deildar eða námsbrautar, sem námið er sótt til.

Deildin setur nánari reglur um samval aðalgreina og aukagreina og um stærð og mat lokaritgerða.

112. gr.

Kennslu til B. A. prófs skal haga þannig, að stúdent geti lokið 90 e námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka B. A. prófi er 9 kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í félagsvísindadeild. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, þegar sérstaklega stendur á.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingum, vinnuverk-efnum eða ritgerðum.

113. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1979.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1979.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört i Reykjavík, 12. september 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1979

15. október 1979.

299

Nr. 80.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Benedikt Gröndal fer með forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Kjartan Jóhannsson fer með sjávarútvegsráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Magnús H. Magnússon fer með félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Bragi Sigurjónsson fer með landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.

Sighvatur Björgvinsson fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Vilmundur Gylfason fer með menntamálaráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 15. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

15. október 1979.

Nr. 81.

FORSETA BRÉF

um þingrof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi orðið sammála um, að stofnað skuli nú til almennra alþingiskosninga og nauðsyn beri því til þess, að Alþingi verði rofið, svo að efna megi til alþingiskosninga þegar á þessu ári.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið nú þegar.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

FORSETA BRÉF

um almennar þingkosningar til Alþingis 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 2. desember og mánudaginn 3. desember 1979.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

Nr. 83.

16. október 1979.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 84.

16. október 1979.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er hið staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

- A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13 tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13 tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið herra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnunum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 73 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollýfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gildi frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattýfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabíla, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Sighvatur Björquinsson.

16. október 1979.

Nr 86.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða
Vinnuveitendasambands Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 70 19. júní 1979, um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands, sem biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 71 10. júlí 1979, um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála, bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979, um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu, og bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðla-banka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 2. mars 1979 um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979, og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð oss að þar sem Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979 um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979 um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu, sem biðu staðfestingar Alþingis, og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til þess að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman. Þá sé brýn nauðsyn að lögfesta breytingu á oliugjaldi til fiskiskipa frá 1. október síðast liðnum og endurnýja og rýmka nokkuð heimild til greiðslu á verðuppbót á karfa- og ufsaafla, sem hvort tveggja hafi verið forsenda fyrir ákvörðun fiskverðs frá þeim degi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979 og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 9% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1979 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 550 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 850 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa- og ufsaafla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. þeirra til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 1. október til 31. desember 1979 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að vegna kosninga þeirra til Alþingis, sem fram eiga að fara 2. og 3. desember 1979, beri brýna nauðsyn til að breyta tímamörkum í 26. og 64. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis, svo og að kveða nánar á um tilhögun kosninganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 2. og 3. desember 1979, skulu gilda þau afbrigði frá lögum nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, sem ákveðin eru með lögum þessum.

2. gr.

Öll framboð skulu tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn eigi síðar en miðvikudaginn 7. nóvember 1979.

3. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla skal hefjast laugardaginn 10. nóvember 1979.

4. gr.

Heimilt skal kjósanda að greiða atkvæði utan kjörfundar þótt ástæður þær, sem tilgreindar eru í 62. gr., eigi ekki við, enda hafi hann ástæðu til að ætla að veður eða færð muni hamla honum að sækja kjörfund á kjördegi.

Ákvæði 92. gr., sbr. 9. tölul. 141. gr., víkja að því er varðar þá, sem neyta kosningaréttar utan kjörfundar samkvæmt heimild í 1. málsg.

5. gr.

Nú er öll kjörstjórnin sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, og má þá kjörstjórn ákveða, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík og kjörstjórn samkvæmt 1. málsl. 2. málsg. 10. gr. í öðrum kaupstöðum tekur ákvörðun um lok kosninga í hlutaðeigandi kaupstað.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund eigi síðar en kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

6. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum, og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr. og áður en kosningu lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi, er setja skal eigi síðar en kl. 12 á hádegi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 22. október 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilmundur Gylfason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1979

Nr. 90.

310

9. nóvember 1979.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977 um breyting á þeim lögum. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á s.l. sumri um að fela Bjargráðasjóði lána-fyrirgreiðslu til þeirra, sem urðu fyrir tjónum af völdum hafiss og vor-hardinda. Vegna fjárskorts Bjargráðasjóðs þurfi sjóðurinn að taka verðtryggð lán, sem endurlánuð verða ýmist verðtryggð og vaxtalaus eða óverðtryggð með vöxtum, en í lögum sjóðsins skorti heimild til að veita verðtryggð lán og lán með hærri vöxtum en 10%.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánnum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG**um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi falið Bjargráðasjóði að annast fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum hafiss og harðinda s.l. vor og vegna grasbrests og uppskerutjóns á liðnu sumri, enda sé það í samræmi við hlutverk sjóðsins. Hafi ríkisstjórnin í því sambandi heimilað sjóðnum að taka lán allt að 850 millj. króna. Til tryggingar þeim lánum þyrfti sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, en lagaheimild skorti til að veita slíka ábyrgð. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um slíka heimild.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur allt að 850 millj. kr. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um 2% hækkun lægstu launa hinn 1. desember 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að laun, sem voru lægri en 263 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu í nóvember 1979, muni að öllu óbreyttu hækka um 2% minna en hærri laun hinn 1. desember næstkomandi, þar sem þá komi til framkvæmda frádráttur frá verðbótum vegna viðskiptakjararýrnunar, sem frestað hafi verið frá 1. júní síðastliðnum með bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. Viðskiptakjarafrádráttur þessi á lægstu laun hafi upphaflega verið ákveðinn, þegar við því var búist, að úr verðbólgu drægi á árinu. Sú hafi ekki orðið raunin og beri því brýna nauðsyn til að rétta hag þeirra, sem lægst laun hafa. Til þess að ná þessu marki á sem einfaldastan hátt þurfi því að hækka lægstu launataxta um 2% frá og með 1. desember 1979.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Allir grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar 21.62% verðbætur í nóvember 1979 samkvæmt lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., skulu hækka um 2% hinn 1. desember 1979. Grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar samkvæmt fyrrgreindum lögum hærri verðbætur en 19.24% en lægri en 21.62% í nóvember 1979, skulu hækka hinn 1. desember 1979 sem svarar 0.84% fyrir hvert 1% sem verðbætur á þá voru hærri en 19.24%.

Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1979

19. október 1979.

313

Nr. 93.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 19. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

25. október 1979.

Nr. 94.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 25. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Gisli Arnason.

30. október 1979.

Nr. 95.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 30. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 12. desember 1979.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 12. desember 1979.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Benedikt Gröndal.

L Ö G

um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1973, um atvinnuleysisstryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna samkvæmt þessum kafla eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
- b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysibóta né slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduábyrgð að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlast gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunninn stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslau miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. tæxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsg. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslauin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsg. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en 1.1 stig, sbr. 2. málsg.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsg. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

II. KAFLI

Almenn eftirlaun til aldraðra.

7. gr.

Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt samkvæmt I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 11. gr.

8. gr.

Nú verður maður, sem fæddur er árið 1914 eða fyrr, eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði án þess þó, að örorkulífeyrisréttur skapist samkvæmt 3. gr. laga þessara eða 17. gr. laga nr. 101/1970, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi máki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við c-lið 7. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Hafi hinn látni verið félagi í lífeyrissjóði, er það skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

9. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. b-lið 7. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar atvinnutekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af öflun atvinnutekna, á ný að afla slíkra tekna, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur nefndum tekjum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. b-lið 7. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

10. gr.

Til réttindatíma, sbr. c-lið 7. gr., skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði, sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni, hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði, sem þau eru metin til skatts. Til atvinnu í þessu sambandi telst ekki aðstoð við atvinnurekstur hjóna, sem einvörðungu er færð sem frádráttarliður á skattframtali. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

11. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Um grundvöll stigaútreiknings gilda ákvæði 1. málsg. 6. gr.

Atvinnutekjur, sem hlutaðeigandi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af til lífeyrissjóðs, skulu umreiknaðar í stig á þann hátt, að deilt skal í atvinnutekjur hvers árs með grundvallarlaunum ársins, sbr. 1. málsg. Þó skal í þessu sambandi aldrei reikna atvinnutekjur ársins hærrí en 10-föld iðgjöld, nema um sé að ræða iðgjaldagreiðslur samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samkomulagsins frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um atvinnutekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, hvort sem um er að ræða tíma fyrir eða eftir árslok 1969, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar atvinnutekjur næstu starfsára á undan. Skulu atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framan- greindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en eitt stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal. Hafi iðgjöld, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóðs eftir árslok 1969, ekki verið reiknuð með hliðsjón af atvinnutekjum og kauplags- breytingum, er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar þessarar málsg., að leggja atvinnutekjur til grundvallar við útreikning stiga.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skatt- stjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en eitt stig, sbr. 2. málsg.

Ákvæði 4.—6. málsg. 6. gr. skulu gilda um útreikning stiga samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

12. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og maka- lífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grund- vallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögð- um stigafjölda, sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og elli- lífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulíf- eyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grund- vallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hinum látna var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsg., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grund- vallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaks- ári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

13. gr.

Nú á maður réttindatíma bæði samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, og skal þá taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og miðað við fjárhæð, sem greidd hefði verið samkvæmt hvorum kafla fyrir sig, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma samkvæmt báðum köflum.

Ákvæði 1. málsgr. skulu gilda, þegar um er að ræða réttindatíma samkvæmt lögum þessum ásamt réttindatíma samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 18. gr. laga nr. 101/1970.

Hafi maður auk launatekna, sem falla undir ákvæði 6. gr., og tekna af búvöruframleiðslu, sem veita rétt samkvæmt lögum nr. 101/1970, haft á einu og sama almanaksári aðrar atvinnutekjur, sbr. 10. gr., skal bæta slíkum atvinnutekjum við, þegar áunnin stig eru reiknuð, en þó skal slík viðbót aldrei hafa í för með sér, að heildarstig á árinu fari fram úr þeim mörkum, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 6. gr. og 2. málsgr. 11. gr. Réttindi skulu talin falla undir I. eða II. kafla eftir því, undir hvorn kaflann meirihluti stíga ársins fellur.

Nú hafa hjón stundað búskap og það hjóna, sem ekki hefur talist bóndi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, hefur áunnið sér a. m. k. 2 stig samkvæmt lögum þessum án þess þó að uppfylla skilyrði laganna um lágmark réttindatíma, og skal þá búskapartíminn talinn til réttindatíma eftir því, sem við getur átt. Stig skulu ekki reiknuð vegna slíks búskapartíma. Fjárhæð lífeyris skal ákveðin í samræmi við 1. málsgr.

14. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 12. gr. Hafi maður eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Ef hlutaðeigandi hefur ekki getað öðlast rétt samkvæmt I. kafla, skal þó miðað við úrgöngu eftir 22. júní 1977 í stað 19. maí 1969. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18/1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

15. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðunglega. Sama gildir um eftirlaun samkvæmt II. kafla, þó þannig, að umsjónarnefnd eftirlauna kemur í stað stjórnar lífeyrissjóðs, ef lífeyris-sjóðsaðild er ekki til að dreifa.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi öðlast rétt til þeirra, og þau falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr. 1. málsgr.

16. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða

þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst umsjónarnefnd eftirlauna.

17. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 16. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, sem áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt lögum þessum og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt í hlutfalli við útgjöld til bótagreiðslna, að meðtöldum uppþótum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna.

Í reglugerð skal m. a. kveðið á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 14. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

Í reglugerð er heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969. Enn fremur er þar heimilt að ákveða, að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum, þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

19. gr.

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þær á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð um útgjaldahluta hans.

Ráðherra getur að fenginni umsögn umsjónarnefndar eftirlauna falið Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla í þeim tilvikum, er hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

20. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

IV. KAFLI

Uppbót á lífeyri.

21. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrisjóðum, sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1982 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Lífeyrishækkarnir, greiddar árin 1980—1982 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkarnir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs, sem aðild á að samkomulaginu, um hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málgr.

22. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin 1980—1982 greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

V. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

23. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði.

24. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóðs þar að lútandi, skal leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—82. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

25. gr.

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II.

kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattsstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.
2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélanna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.
3. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysis-tryggingasjóður standa undir kostnaði af þessari málsgrein með þeim hætti að ríkissjóður greiði 40%, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30% og Atvinnuleysisstryggingasjóður 30%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldtagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1982, sbr. 21. og 22. gr.

VI. KAFLI

26. gr.

Lög þessi gildi frá 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 25. gr. skal ríkissjóður standa undir hluta Atvinnuleysisstryggingasjóðs af greiðslu eftirlauna samkv. II. kafla laga þessara, þar til lög hafa verið sett, sem létta af sjóðnum skyldu hans til greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

Gjört í Reykjavík 24. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim erlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu. Allir þeir, er hafa þá aðila er hér um ræðir í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, eru skyldir til að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til lúkningar gjöldum hans. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupum launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessu ákvæði.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Sighvatur Björvinsson.

L Ö G

um verðjöfnunargjald af raforku.

FORSEIÐ ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðast þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna. Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur: 1980.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Sighvatur Björquinsson.

L Ö G**um álag á ferðagjaldeyri.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1980 skal leggja 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjald-eyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklunga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Sighvatur Björquinsson.

L Ö G

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum,
nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddrar á síldarvertíð 1979 krónur 10 100 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.